Byggðasafn Skagfirðinga - Rannsóknaskýrslur

# Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði



**Skálanes**

Guðný Zoëga
Bryndís Zoëga

**2007/64**

© Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2007/64

# Efnisyfirlit

**MYNDASKRÁ** .......... **2**

**INNGANGUR** .......... **3**

**TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA** .......... **4**

Aðferð við skráningu .......... 5
Jarðanúmer .......... 5
Tegund, hlutverk og heiti .......... 5
Staðhættir og lýsing .......... 6
Saga jarðanna og fornleifar .......... 6

**HELSTU MINJAFLOKKAR** .......... **6**

Minjar í túni .......... 6
Minjar í eða við tún .......... 7
Minjar utan túns .......... 7
Við sjó/vötn .......... 9

**ÁGRIP AF SÖGU** .......... **10**

**FORNLEIFASKRÁ – HNITSETTAR MINJAR** .......... **12**

**ÓHNITSETTAR MINJAR** .......... **57**

**SAMANTEKT** .......... **60**

**NIÐURLAG** .......... **66**

**HEIMILDASKRÁ** .......... **67**

## Myndaskrá

*Mynd 1. Íbúðarhús á Skálanesi sem nú hýsir gistiheimili.* ............................................. 12
*Mynd 2. Minjar norðan Skálanesbæjar. Teikning: BZ/Loftmynd: Loftmyndir ehf.* .......... 13
*Mynd 3. Skotbyrgi. Horft til suðvesturs. Ljósm. GZ.* ....................................................... 15
*Mynd 4. Minjar í nágrenni Skálanesbæjar. Teikning: BZ/Loftmynd. Loftmyndir ehf.* ..... 17
*Mynd 5. Forn bæjarstæði með túngarði, horft til norðausturs. Ljósmynd. GZ.* ............... 25
*Mynd 6. Húsgrunnur og túngarður í baksýn, horft er til norðausturs. Ljósmynd. GZ.* .... 29
*Mynd 7. Kofatóft ofan Skálanesbæjar.  Ljósmynd. GZ.* .................................................... 36
*Mynd 8. Seltóftir með öskuhól fremst. Ljósmynd. GZ.* ...................................................... 48
*Mynd 9. Tóftir sjóhúsa, horft er til vesturs. Ljósmynd. GZ.* .............................................. 50
*Mynd 10. Hlaðinn garður. Ljósmynd. GZ.* ......................................................................... 56

## Inngangur

Sumarið 2006 óskaði Skálanes ehf. eftir því við Byggðasafn Skagfirðinga að gera fornleifaskráningu fyrir Skálanesjörðina. Skálanes er náttúru- og menningarsetur í sunnanverðum Seyðisfirði, þar sem áhersla er lögð á rannsóknir auk þess sem þar er rekin ferðaþjónusta (sjá skalanes.com).

Markmið með skráningunni er að kortleggja og skrá minjar á jörðinni til þess að fá fram heildarmynd af menningarlandslaginu, bæði svo hægt sé að gera áætlun um frekari fornleifarannsóknir á svæðinu og auk þess til þess er ætlunin að minjarnar verði hluti af þeirri upplifun sem Skálanes hefur að bjóða ferðamönnum.

Fáar ritaðar heimildir eru til um Skálanes og er jarðarinnar ekki getið sem slíkrar fyrr en í manntali frá 1703. Í júlí 2006 gróf Steinunn Kristjánsdóttir könnunarskurð í meinta tóftaveggi og greindi þar mannvistarlög frá því fyrir 1200. Því er ljóst að saga Skálaness er mun lengri en heimildir gefa til kynna og geta frekari fornleifarannsóknir enn frekar varpað ljósi á hana.

Undirbúningsvinna að fornleifaskráningu hófst í október 2006 og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi. Jörðin var könnuð á vettvangi dagana 7. og 8. júní 2007 og var hún framkvæmd af Bryndísi Zoëga og Guðnýju Zoëga, fornleifafræðingi. Eftirfarandi skýrsla inniheldur skráningu þeirra fornleifa sem fundust í rituðum heimildum og við vettvangsvinnu og meðfylgjandi er yfirlitsmynd yfir minjar á jörðinni og helstu örnefni.

## Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

> [...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
>
> a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
> c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
> d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
> e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
> f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
> i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
>
> Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað.

Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

### Aðferð við skráningu

Helstu heimildir eru kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunn og er öllum gögnum skilað inn á stafrænu formi til Fornleifaverndar ríkisins sem hefur yfirumsjón með öllum fornleifum á landinu.

Í gagnagrunninum eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðunum sem þær tilheyra og er þá miðað bæði við opinbera fasteignaskrá og jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1] Um og eftir aldamótin 1900 var mörgum jörðum skipt upp og stofnuð á þeim nýbýli en fornleifar innan þeirra landamerkja falla undir heimajörðina eins og hún var skilgreind 1847..

Í inngangi með skránum er sögulegt yfirlit þar sem gerð er grein fyrir takmörkum jarðanna, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum.

Að öðru leyti er skráin byggð upp með þeim hætti sem að neðan greinir.

### Jarðanúmer

Jarðirnar eru auðkenndar með heiti jarðarinnar og tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað, t.d. Skálanes 154853, og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (1847), 243 í nefndu tilviki. Þar að auki er fornleifunum gefið raðnúmer innan hverrar jarðar; bæjarstæði Skálanes væri nr. 1 og þar af leiðandi auðkennt með eftirfarandi hætti: Skálanes 154853 243 - 1. Sé jörð með landnúmer en ekki númer í Jarðatali Johnsens flokkast allar fornleifar á jörðinni undir landsnúmer jarðarinnar og númer þeirrar jarðar er fornleifarnar tilheyrðu við ritun jarðatalsins.

### Tegund, hlutverk og heiti

Í fáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

[1] Johnsen, J. 1847

### Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er greint frá því hvað heimildir segja um staðhætti og lýsingu á minjum.

### Saga jarðanna og fornleifar

Í kaflanum um sögu jarðanna og fornleifar er stiklað á stóru um sögu hverrar jarðar. Þar er auk þess að finna hina eiginlegu fornleifaskrá.

## Helstu minjaflokkar

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Þær minjar er mesta sögu geyma eru bæjarstæði/hólar og umhverfi þeirra. Stærsti minjaflokkurinn saman stendur hinsvegar af útihúsum hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, nátthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er ekki alltaf hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

### Minjar í túni

***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Þeir varðveita mikla sögu um húsakost og lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

***Kirkjur*** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á ***alkirkjum***, höfuðkirkjum (beneficium) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á ***hálfkirkjum***, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á ***fjórðungs-*** og ***þriðjungskirkjum*** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

***Bænhús*** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gifta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

***Grafreitir*** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrndir. Ætla má að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

## Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

***Fjós***: Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

***Fjárhús***: Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við veggi. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

***Hrútakofar***: Smærri kofar oft yst í túni.

***Lambhús***: Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

***Hesthús***: Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

***Smiðjur***: Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

***Kofar***: Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hænsnakofar.

***Brunnar***: Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

***Myllur***: Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúðar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læki. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

***Kvíar***: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

## Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

***Kuml/haugur/dys/kumlateigur***: Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Stundum eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmanna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

***Réttir***: Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabrúks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru

yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðheldi einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

***Stekkir*:** Eru smáréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró og voru notaðir fyrstu dagana við fráfærur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

***Nátthagar*:** Nátthagar eru frá tíma fráfærna. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ánna á daginn. Nátthagarnir voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftar en ekki í næsta nágrenni.

***Sel*:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

***Stöðull*:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrum stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

***Beitarhús*:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

***Smalakofar*:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

***Heytóftir*:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

***Fjárborgir*:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

***Garðlög*:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landa-merkjagarðar.

***Heyvinnsla*:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á

flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifð innan túns.

**Við sjó/vötn**

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kunna þar að finnast nokkuð fjölbreyttar minjar.

***Sjóhús/verbúðir*:** Sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

***Fiskbyrgi*:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

***Hjallar*:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

***Naust/hróf*:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

***Uppsátur*:** Þar settu menn upp báta. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

***Fiskgarðar*:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

## Ágrip af sögu

Elsta heimild um Skálanes er í Stephansmáldaga frá 1491, þar sem Skálanesbjargs er getið í rekaskrá Dvergasteinskirkju (þar kallað Stál), þar segir að kirkjan eigi „reka mille þoresvogs oc sudr at staale”.[2] Útræði var í Skálanesi og bera verskálatættur þess enn merki. Allgóð lending var við Hlein, niður af bænum og þrautalending í Þórisvogi, utar með firðinum. Í Sveitum og jörðum er dregin sú ályktun að jörðin dragi nafn sitt af verskálum þessum sem jafnframt taldir fyrsta byggð á Skálanesi. Sú ályktun er einnig sett fram að Skálanes hafi fyrrum verið byggt úr Austdal.[3]

Á árunum 1860-1870 var reist á Skálanesi járnklætt timburhús sem stóð fram til 1954 en þá fauk það. Steinhús var byggt árið 1927 og hús það sem stendur enn í dag var byggt árið 1931. Útihús voru flest úr torfi með bárujárnsþaki.[4]

Tvö afbýli voru frá Skálanesi; Krókur og Grund. Býlið Krókur var reist um aldamótin 1900 en lagðist af skömmu síðar. Grund var á bökkunum inn af Skálanesbænum, þar lagðist byggð af snemma á 20. öld.[5]

### Náttúrufar og jarðabætur

Skálanes er ysta jörð í Seyðisfirði sunnan fjarðar, næsta jörð að innan er Bæjarstæði og eru mörk við Innri-Sandá. Frá landamerkjum að innan og út að Landsenda, neðan hlíða, er þurrlent undirlendi, gott til ræktunar en ofan við taka klettahjallar. Þar ofar er hamrafell, nefnt Heiðarbrún og ofan þess tekur við fjallshlíðin einu nafni nefnd Skálanesheiði, nær hún upp að fjöllum, út að Skálanesbjargi og inn að Innri-Sandá. Skálanesbakkar eru klettabakkar innan við bæinn þar sem áður stóð býlið Grund.[6] Yst er Skálanesbjarg sem nær frá Þórisvogi út að Tröllanesi (sem tilheyrir Mjóafirði), í því eru, Jötnar, Blábjarg, Brandsurð og Stigi. En í Blábjargi er Ormur, dökkleitur bergeitill, þar liggja sýslumörk Norður- og Suður- Múlasýslu.[7]

Árið 1847 var jörðin í bændaeign og metin á 6 hundruð.[8] Árið 1840 lýsir sr. Einar Hjörleifsson jörðinni svo: “Ysti bær sunnan megin er Skálanes, 6 hndr. að dýrl.; þar er tún léttvægt og heyskapur lítill, en höfn allgóð; nokkru innar er Austdalur [...]”.[9]

Í fasteignamati frá 1918 er hæfileg áhöfn talin vera 2 kýr, 1 hestur og um 120 fjár með 4 til heyskapar. Tún var í sæmilegri rækt að 2/3 hluta þýft. Engjar voru ekki samfelldar en heygóðar, nærtækar, greiðfærar, þurrlendar og fremur grasgefnar. Beitiland var ágætt fyrir alla gripi, bæði sumur og vetur þótt að jafnaði væri snjóþungt. Fjörubeit var góð. Á

---

2 DI VII, 24.
3 SJM, 498-499.
4 SJM, 500.
5 ÖÓH, 4; SJM, 499.
6 SJM, 499; ÖÓH, 4.
7 ÖÓH, 1.
8 JJ, 362.
9 SS, 249.

árunum 1927-´31 voru þaksléttur, nýrækt og útgræðsla túns. Árið 1956 var kominn traktor með nokkuð af tækjum og sama ár voru sáðsléttur unnar með jarðýtu.[10] Hlunnindi eru skógur, reki og útræði.[11]

[10] SJM, 499-500.
[11] LÁG, 231.

# Fornleifaskrá – hnitsettar minjar

**Skálanes 154853 243 - 1**




***Mynd 1. Íbúðarhús á Skálanesi sem nú hýsir gistiheimili.***

Sérheiti: Skálanes
Hnit: A: 746707,1 N: 543134,8
Hlutverk: Bæjarstæði
Tegund: Heimild

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Bærinn stendur örskammt inn af neshorninu, Landsenda, og þaðan liggur ströndin suðaustur með Skálanesbót tæpa tvo km inn undir Ytri-Sandá, en síðan til vesturs skamman spöl að landamörkum við Bæjarstæði við Innri-Sandá" (SJM, 499). Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1918.

**Lýsing**

Hnit voru tekin á íbúðarhúsi því sem stendur í dag, þar sem nú er rekin gistiaðstaða fyrir ferðamenn.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

Túnakort af Skálanesi (1918). Gert af Sigmari B. Guttormssyni. Þjóðskjalasafn Íslands

**Skálanes 154853 243 - 2**




***Mynd 2. Minjar norðan Skálanesbæjar. Teikning: BZ/Loftmynd: Loftmyndir ehf.***

Hnit: A: 746650,4 N: 543291,6
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Um 166m norðnorðvestan Skálanesbæjar, frammi á nesi við sjóinn er tóft, líklega tóft sjóhúss. Hæð veggja er um 1,5m og þykkt um metri. Tóftin hefur verið tvískipt, snýr norðaustur-suðvestur og hefur þil vitað til vesturs. Tóftin er hlaðin úr grjóti og standa hleðslur nokkuð vel. Hún er 7x5m að utanmáli.

**Skálanes 154853 243 - 3**
Hnit: A: 746691,8 N: 543286,8
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Um 146m beint norður af Skálanesbæ er hlaðin smátóft upp við grasi gróinn klett.Tóftin sem er grasi vaxin er um 1,5x1m að innanmáli.Veggir eru um 40cm á þykkt og 30cm á hæð.

**Skálanes 154853 243 - 4**
Hnit: A: 746710,7 N: 543287,7
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Um 138m norðaustur af Skálanesbæ eru tóftir sjóhúss. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er hún tvískipt. Hún er 7x5m að utanmáli og veggjaþykkt er um 90cm. Austanvert í tóftinni er herbergi um 2x2m að innanmáli og eru dyr yfir í vestari tóftina sem hefur haft þil til vesturs. Tóftin er grjóthlaðin að mestu. Óljóst veggjalag liggur í boga til norðvesturs út frá norðausturhorni tóftarinnar, kann að hafa tilheyrt eldri tóft.

**Skálanes 154853 243 - 5**
Hnit: A: 746705,1 N: 543297,6
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Garðlag liggur til norðvesturs í átt til sjávar frá tóft [**154853 243 -4**]. Garðbrotið er um 11m langt og um 1m á breidd og um 40cm á hæð, grasi vaxið, kann að vera undan girðingu.

**Skálanes 154853 243 - 6**
Hnit: A: 746733,9 N: 543334,7
Hlutverk: Rétt
Tegund: Hleðsla
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Niðri við sjóinn um 183m norðaustur af Skálanesbæ er gjá milli tveggja kletta og hafa tveir grjótgarðar verið hlaðnir frá austri til vesturs milli klettaveggjanna og myndað þannig rétt upp við klettana. Réttin er um 12x9m að stærð og eru hlið á henni til norðurs og suðurs. Hæð veggjanna er 1m og þykkt um 1m.

**Skálanes 154853 243 - 7**
Hnit: A: 746747,8
N: 543368,2
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Hleðsla
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Heimildamaður: Ólafur Örn Pétursson staðarhaldari og einn eiganda Skálaness

**Staðhættir og lýsing**
Um 220m norðan Skálanesbæjar er klettur ofan fjöruborðs. Austan undir klettinum er hellisskúti og hefur grjóti verið hlaðið fyrir skútann. Breskir hermenn hlóðu þennan vegg í seinni heimstyrjöldinni og mun þarna um að ræða skotbyrgi.



***Mynd 3. Skotbyrgi. Horft til suðvesturs. Ljósm. GZ.***

**Skálanes 154853 243 - 8**
Hnit: A: 746749,4 N: 543362,9
Hlutverk: Skotbyrgi
Tegund: Hleðsla
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð
Heimildamaður: Ólafur Örn Pétursson staðarhaldari og einn eiganda Skálaness

**Staðhættir og lýsing**
Um 221m norðaustur af Skálanesbæ er klettur ofan fjöruborðs. Austan undir klettinum er hellisskúti og hefur grjóti verið hlaðið fyrir skútann. Breskir hermenn hlóðu þennan vegg í seinni heimstyrjöldinni og mun þarna um að ræða skotbyrgi.

**Skálanes 154853 243 - 9**
Hnit: A: 746776,1 N: 543295,2
Hlutverk: Sjóhús?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Á dálítilli hæð um 157m norðaustan Skálanesbæjar eru tóftarleifar. Tóftin er nokkuð jarðsokkin um 7x2m að innanmáli og hefur þil vitað til vesturs. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru um 70cm á þykkt og um 30cm á hæð.

**Skálanes 154853 243 - 10**
Hnit: A: 746821,1 N: 543337,1
Hlutverk: Kofi
Tegund: Hleðsla
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir og lýsing**
Um 210m norðaustur af Skálanesbæ er hlaðin tóft upp við klettavegg og myndar kletturinn austur langhlið byggingarinnar. Tóftin er um 2x3m að innanmáli, vegghleðslur algrónar og eru um 1m á hæð og um metri á breidd. Dyr hafa verið til norðurs.

**Skálanes 154853 243 - 11**
Hnit: A: 746778,3 N: 543356,6
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Frammi á klettabrún um 220m norðaustur af Skálanesbæ er kofatóft. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en er algróin grasi. Hún er um 3x1m að innanmáli, hefur snúið norðaustur-suðvestur og dyr vitað til suðvesturs. Veggjahæð er um 60cm og hæð um 50cm.

**Skálanes 154853 243 - 12**
Hnit: A: 746741,5 N: 543365,2
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðsla
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Frammi á klettabrún ofan sjávar um 220m norðaustur af Skálanesbæ er óljóst garð- eða veggjalag. Vera kann að þarna hafi einhverntímann verið kofi. Garðlagið er um 2m á lengd og rétt um 30cm á breidd og um 20cm á hæð. Liggur austur-vestur.

**Skálanes 154853 243 - 13**




***Mynd 4. Minjar í nágrenni Skálanesbæjar.*** ***Teikning: BZ/Loftmynd. Loftmyndir ehf.***

Hnit: A: 746799,1 N: 543141,6
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Um 73m beint austur af Skálanesbæ eru tóftir tveggja smákofa. Kofaveggirnir standa enn mjög vel en þeir hafa tilheyrt yngsta skeiði búsetu á staðnum. Austar er smákofi um 2x1,5m að innanmáli, veggir um 70cm háir og um 60cm þykkir. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni.

**Skálanes 154853 243 - 14**
Hnit: A: 746795,6 N: 543137,3
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

Um 73m beint austur af Skálanesbæ eru tóftir tveggja smákofa. Kofaveggirnir standa enn mjög vel en þeir hafa tilheyrt yngsta skeiði búsetu á staðnum. Vestari kofatóftin er eilítið stærri, um 2x2m að innanmáli. Veggjahæð er um 70cm og þykkt um 40cm.

**Skálanes 154853 243 - 15**
Hnit: A: 746756,5 N: 543117,8
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóftaþyrping
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Um 34m suðaustan bæjarhúsanna eru leifar einhverskonar útihúss eða hugsanlega íbúðarhúss. Húsið hefur verið grjót- og torfhlaðið en tilheyrir yngsta búsetuskeiði á Skálanesi. Veggjalög voru nokkuð óljós en greinilega er um að ræða nokkrar samhangandi byggingar. Nyrst er greinileg tóft sem snýr norðaustur-suðvestur og er hún um 3x1,5m að innanmáli. Austan hennar og áföst er svo önnur tóft sem greinilega hefur verið opin eða haft þil til norðausturs. Sú er um 2x4m að innanmáli. Aftan (suðvestan) þessara tófta eru svo ógleggri leifar tveggja smærri hólfa. Veggjahæð er mest um 80cm og þykkt sömuleiðis um 80cm.

**Skálanes 154853 243 - 16**
Hnit: A: 746728,7 N: 543086,4
Hlutverk: Fjárhús, hlaða
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Um 40m beint suður af Skálanesbæ austan heimreiðarinnar eru rústir fjárhúsa sem munu hafa staðið allt fram um 8. áratuginn.
**Lýsing**
Tóftir húsanna eru 20x16m að utanmáli. Þau samanstanda af þremur samsíða húsum eða króm sem hafa snúið þiljum til norðvesturs, veggir eru annars hlaðnir úr torfi og grjóti. Áföst húsunum að aftan er hlöðutóft. Þrír garðar eru greinilegir, og er steypt fjárbað fremst í einum þeirra.

**Skálanes 154853 243 - 17**
Hnit: A: 746709,2 N: 543065,6
Hlutverk: Súrheysgryfja?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Um 16m suðvestur af fjárhúsunum [**154853 243 -16**] og 60m suðaustur af Skálanesbæ, fast ofan (austan) heimreiðarinnar er hringlaga tóft, líklega súrheysgryfja.
**Lýsing**
Tóftin er nokkuð upphækkuð um 8x5m að utanmáli. Vestast í henni er hringlaga grjóthlaðin gryfja um 3x3m að innanmáli. Dýpt gryfjunnar er um 1,5m. Til suðausturs frá henni er einhverskonar upphleðsla en hún var nokkuð ógreinileg sökum mikillar sinu. Tóftin tilheyrir síðasta skeiði búsetu á staðnum.

**Skálanes 154853 243 - 18**
Hnit: A: 746700,5 N: 543057,3
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: umferð

**Staðhættir og lýsing**
Þvert yfir heimreiðina um 70m sunnan bæjarins liggur einföld grjóthleðsla, e.t.v. hluti garðlags. Garðurinn virðist liggja austur-vestur og er sýnilegur á um 20m kafla. Dálítil upphækkun er þarna á heimreiðinni og líkindi til garðlags til austurs og vesturs. Garðurinn er þó mjög jarðsokkinn og ógreinilegur. Um 4m sunnar eru líkindi til annars garðlags en þó kann að vera að um náttúrulega jarðmyndun sé að ræða þar sem að dálítið jarðfall er þarna í túninu.

**Skálanes 154853 243 - 19**
Hnit: A: 746697,6 N: 543037,3
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta vegna umferðar og búsetu
Heimildamaður: Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur

Um 82m suðsuðvestur af íbúðarhúsinu á Skálanesi eru óljós líkindi tóftar eða vegglags sem greina má á svarthvítri loftmynd en tóftarlag sést ekki á yfirborði. Samkvæmt loftmyndinni liggur þessi jarðmyndun norðaustur-suðvestur, virðist aflöng og lengd hennar amk 19m en breidd óvís. Heimreiðin að Skálanesbæ liggur yfir tóftina og kann hún að vera ógleggri af þeim sökum. Við eystri enda hennar virðist gleggri merki um veggi eða hleðslur sem liggja nálega norður-suður, um 11m að lengd og 6m á breidd. Mishæðir eru á heimreiðinni þar sem hún liggur yfir langveggi þessarar mögulegu tóftar. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur gerði könnunarskurð í austurhluta tóftanna og

kom þar niður á óljósar mannvistarleifar sem hún telur mjög gamlar, amk. frá 12.öld. Mannvistarleifarnar eru ekki af byggingum heldur gætu þær verið eftir ræktun eða önnur álíka umsvif (Steinunn Kristjánsdóttir, munnl.heimild).

**Skálanes 154853 243 - 20**
Hnit: A: 746651,6 N: 543081,5
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Ábúð

**Staðhættir**
Tóft er í túni um 64m suðaustur af íbúðarhúsinu á Skálanesi, fremst á bakka ofan Skálanesfjöru.

**Lýsing**
Tóftin liggur nálega norður-suður og hefur innangur verið við suðaustur horn hennar. Tóftin er 6x3m að innanmáli, hlaðin úr torfi og grjóti. Veggir eru um metri á þykkt og allt að 50cm háir. Tóftin er mjög gróin en við suðvestur horn hennar hefur verið hlaðinn lítill kofi, e.t.v. skotbyrgi inn í vegginn og er bárujárn í þaki hans. Kofinn er greinilega yngri en tóftin.

**Skálanes 154853 243 - 21**




Myndir af fornbæjarstæði: 31-40, 71-74
Sérheiti: Sel?
Hnit: A: 747029,1 N: 542751,6
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Bæjarhóll
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Fornlegar rústir ofan við bæ gætu verið af torfbæ" (SJM, 499). Í örnefnaskrá segir: „Uppi undir fjallinu innan eða vestan við Landsendaána, eru tættur. Heitir þar Sel. Þar er grösugt umhverfi. Ofan við Selið er allvíðáttumikill hjalli, sem nefnist Stekkjarhjalli eða Bæjarhjalli" (ÖÓH, 4).

Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið

túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.

Líklega er hér um að ræða staðinn sem í Sveitum og jörðum er kallaður „Fornlegar rústir ofan við bæ[...]" en lýsingin virðist einnig eiga við lýsingu úr örnefnaskrá þar sem að staðurinn er nefndur Sel.

**Lýsing**

Efst (austast) innan túngarðsins er nokkur rústabunga, líklega gamall bæjarhóll. Efst á honum liggur seinni tíma stekkjar- eða beitarhúsarúst en hún er töluvert yngri en garðurinn og aðrar leifar innan hans. Syðst og austast á hólnum eru tvær smátóftir og virðist sú eystri tilheyra sama tíma og stekkjartóftin en sú syðri virðist eldri. Hóllinn er um 30m langur frá norðnorðvestri til suðsuðausturs en um 20m frá suðsuðvestri til norðnorðausturs. Vegna seinni tíma minja er ekki að sjá nein merki bæjarhúsa á hólnum en greinilegt er að oft hefur verið byggt þarna á sama stað.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálanes 154853 243 - 22**

Hnit: A: 747046,8 N: 542749,7

Hlutverk: Beitarhús, stekkur?

Tegund: Tóft

Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.

**Lýsing**

Efst á meintum bæjarhóli [**154853 243 –21**] er tvískipt tóft, líklega beitarhúss eða stekkjar. Tóftin er vaxin miklu grasi og veggjalög því fremur ógreinileg en þó má sjá að hún hefur verið tvískipt. Hún liggur norðvestur-suðaustur og er vestara hólfið stærra, um 3x4,5m að innanmáli, innangengt hefur verið í smærra hólf eða kró aftan (austan) við og er hún um 2,5x2,5m að innanmáli. Líklega er um að ræða fjárhús með áfastri heytóft. Áfast vestan hússins er svo garðlag sem liggur í boga til vesturs, um 10m langt og það virðist því sem rétt hafi verið vestan þess. Veggjalög eru um 1m að breidd og um 50cm á hæð. Fjárhústóftin er samtíma smærri kofatóft [**154853 243 – 23]** sem liggur austanvert í hólnum. Veggjalög þessara tveggja tófta eru enn stæðileg og þær eru vaxnar grasi en aðrar tóftir innan túngarðsins eru jarðsokknari og lyngi vaxnar sem bendir til að þær séu eldri. Ólíklegt er að hér sé um að ræða seltóftir þær sem örnefnið bendir til, þar sem þær virðast ekki nógu gamlar.

**Skálanes 154853 243 - 23**
Hnit: A: 747056,6 N: 542753,1
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
**Lýsing**
Austanvert í bæjarhólnum er kofatóft, e.t.v. hrútakofi, um 2,5x1,5m að innanmáli. Dyr hafa vitað í norðaustur. Kofinn hefur verið byggður upp við hólinn og myndar hann suðvestur skammhlið kofans. Kofinn er vaxinn grasi og er líklega samtíma tóftinni sem liggur ofan á hólnum.

**Skálanes 154853 243 - 24**
Hnit: A: 747050,9 N: 542736,5
Hlutverk: Óþekkt, Sel?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
**Lýsing**
Lítil tvíhólfa tóft liggur um 6m sunnan beitarhúsatóftarinnar [**154853 243 - 22**]. Hún er 6x3,5m að utanmáli og virðist veggur skipta henni í tvo jafnstóra hluta. Tóftin liggur suðsuðvestur-norðnorðaustur og er orðin nokkuð jarðsokkin. Veggjahæð um 30cm og veggir eru um 50-60cm þykkir. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni. Hún er vaxin grasi og að nokkru leyti lyngi og virðist nokkru eldri en beitarhúsatóftin en jafnaldra öðrum óljósari tóftum syðst innan túngarðsins [**154853 243 -25 og 26**]. Tóftin virðist yngri en túngarðurinn og tóftir áfastar honum og vera kann að um sé að ræða leifar selsins sem getið er í örnefnaskránni.

**Skálanes 154853 243 - 25**
Hnit: A: 747049,8 N: 542713,5
Hlutverk: Óþekkt, Sel?
Tegund: Tóft, garðlag
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
Um 30m ofan og sunnan beitarhústóftarinnar [**154853 243 -22**] eru óglöggar jarðsokknar tóftir sem virðast nokkru eldri en beitarhúsin.
**Lýsing**
Um er að ræða óglögga tóft, um 6x4m að utanmáli og virðist sem að hún hafi verið tvískipt. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni en veggjalög eru mjög óljós um 50cm þykk og um 30cm á hæð. Óljóst garðlag virðist liggja umhverfis tóftina til austurs frá þeim og í boga norður fyrir. Garðlagið er um 19m langt og kann að vera leifar einhverskonar gripheldis. Þessi tóft er hlaupin í þúfur og lyngi vaxin að hluta en hún virðist hinsvegar ekki eins fornleg og túngarðurinn þótt hér verði ekki fullyrt um aldur hennar. Vera kann að hér sé um að ræða tóftir selsins sem getið er í örnefnaskrá.

**Skálanes 154853 243 - 26**
Hnit: A: 747035,2 N: 542711,1
Hlutverk: Óþekkt, Sel?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum og stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
**Lýsing**
Smátóft liggur sunnarlega innan túngarðsins um 10m vestan tóftar og garðlags [**154853 243 -25**]. Tóftin er vaxin lyngi og grasi og er virðist svipuð að aldri og tóftir [**154853 243 -24 og 25**]. Hún liggur norðvestur-suðaustur og er jarðsokkin, veggir einungis um 20-30cm háir og um hálfur metri á breidd. Að innanmáli er tóftin um 2,5x1,5m og hafa dyr verið á vestur skammhlið. Vera kann að hér sé um að ræða tóftir sem tilheyrt hafa selinu sem getið er í örnefnaskrá.

**Skálanes 154853 243 - 27**



***Mynd 5. Forn bæjarstæði með túngarði, horft til norðausturs.*** ***Ljósmynd. GZ.***

Hnit: A: 746964,1 N: 542702,0
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Ástand: Sæmilegt, gott á köflum
Hættumat: Hætta vegna gróðurs og vatnsaga

## Staðhættir

Um 400-500 m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.

## Lýsing

Túngarður liggur umhverfis bæjarstæðið og er túnið um 240m frá norðvestri til suðausturs og um 130m frá suðvestri til norðausturs. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og lyngi vaxinn sunnanvert en meira grasi vaxinn vestanvert þar sem hann liggur í gegn um mýrlendi. Garðurinn er nokkuð glöggur, sérstaklega sunnan og vestan til. Hann er þó að hluta til uppblásinn nyrst og austast. Þó má greina garðinn nálega allan hringinn. Upp við garðinn, áfastar honum að sunnan og vestan, liggja tvær tóftir greinilega samtíða garðinum. Garðurinn er um 2m þar sem hann er breiðastur og allt að 40-50cm á hæð. Innan túngarðsins er þýfður lyngmói og þurrlendi að mestu en vestast innan hans er

nokkur mýri og vex þar gras. Við og umhverfis hólinn sem að beitarhúsatóftin stendur á er einnig meira graslendi. Austan túnsins eru gamlir farvegir Landsendaárinnar og virðist garðurinn að hluta liggja á vesturbakka þeirra.

**Skálanes 154853 243 - 28**
Hnit: A: 747066,7 N: 542701,6
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 400-500 m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
**Lýsing**
Tvískipt tóft liggur upp við utanverðan túngarðinn [**154853 243 -27**], við suðurhlið hans og myndar garðurinn norður langhlið hennar. Hún liggur norðaustur-suðvestur og dyr hafa verið út úr stærra hólfinu til suðausturs. Stærra hólfið er vestan til í tóftinni, um 7x2m að innanmáli. Áfast austan til er smærra hólf um 1,5x1,5m. Tóftin er mjög jarðsokkin og lyngi vaxin og ekki er hægt að greina dyr milli hólfanna tveggja. Tóftin er greinilega jafngömul túngarðinum.

**Skálanes 154853 243 - 29**
Hnit: A: 747013,6 N: 542697,3
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 400-500 m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
**Lýsing**
Smá tóft er áföst innan túngarðsins að vestan þar sem hann liggur úr lyngmóa niður í mýri. Tóftin snýr nálega austur-vestur og hefur þil legið til vesturs. Hún er um 3x1m að innanmáli og eru veggir um 50cm breiðir og um 30cm háir. Tóftin er mjög jarðsokkin og lyngi vaxin líkt og túngarðurinn. Framan við framhlið tóftarinnar er nokkuð hár bakki (um 1m á hæð) niður í graslendið við útbrún mýrarinnar. Óvíst er hvort þessi bakki hefur verið þarna meðan tóftin var í notkun en líklega er hann af völdum vatnsaga úr mýrinni.

**Skálanes 154853 243 - 30**
Hnit: A: 746954,8 N: 542818,4
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta vegna gróðurs

**Staðhættir**
Um516m ofan og sunnan Skálanesbæjar um 30m austan við Landsendaá eru leifar forns bæjarstæðis. Bæjarstæðið liggur í grösugum stórþýfðum lyngmóa og er það umlukið túngarði. Innan túngarðs má greina nokkrar fornlegar tóftir, hringlaga garð og hól sem bendir til endurtekinna bygginga á sama stað.
**Lýsing**
Nyrsta tóftin í túngerðinu er stæðilegt hringlaga garðlag. Garðlagið er um 13x13m að utanmáli og stendur nokkru hærra en landslagið í kring.Veggir eru mjög hrundir inn á við allt að 3ja metra breiðir 1m háir utanvert. Garðurinn er mjög jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur. Hann er lyngi vaxinn og útlit hans bendir til að hann sé frá sama tímabili og túngarðurinn. Óljós merki eru um hlið á austurhlið garðsins en erfitt er að fullyrða það með vissu sökum þess hve hann er gróinn. Jarðvegur innan garðsins liggur dálítið hærra en umhverfið utan garðsins en ekki er hægt að greina tóft innan hans. Óvíst er um notkun þessa hringlaga mannvirkis en vera kann að þarna sé um hringlaga rétt eða fjárborg að ræða. Einnig kann að vera að þarna sé gamall kirkjugarður en elstu kirkjugarðar voru hringlaga.

**Skálanes 154853 243 - 31**
Hnit: A: 747053,8 N: 542681,2
Hlutverk: Leið
Tegund: Gata
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil

**Staðhættir og lýsing**
Greinileg gata liggur í gegn um túnið frá norðvestri til suðausturs og frá beitarhúsunum eða bæjarstæðinu [**154853 243 – 21 og 22**] upp brekkuna ofan við upp á svokallaðan Stekkjarhjalla ofan bæjarins.

**Skálanes  154853 243 - 32**




Hnit: A: 746109,6       N: 541984,9
Sérheiti: Krókur
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Húsgrunnur
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna umferðar en vegurinn að Skálanesi liggur í gegn um túnið

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Krókssandi, utan við Ytri-Sandá, var býli nefnt Krókur, reist um aldamót og lagt niður skömmu síðar. Túngarður, hlaðinn úr grjóti, sést enn" (ÖÓH, 4).

**Lýsing**

Um 60m austur af Ytri Sandá og um 1,2km inn (vestur) af Skálanesbæ eru leifar býlisins Króks. Heimreiðin að Skálanesbæ sker grjótgarð umhverfis bæjarstæðið á tveimur stöðum. Um 17m neðan heimreiðar fyrir miðju túninu eru leifar af grunni íbúðarhússins. Í húsgrunninum eru leifar grjóthlaðins kjallara, 3ja m löngum og 2ja m breiðum. Hleðslan er allt um 1,2m á hæð. Sunnan kjallarans eru ferkantaðar útlínur húsgrunns 3,3x2,2m að

stærð en vegghleðsla engin. Djúp gata eða rás, 7m löng, liggur til norðurs niður frá kjallaranum.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálanes 154853 243 - 33**



***Mynd 6. Húsgrunnur og túngarður í baksýn, horft er til norðausturs. Ljósmynd. GZ.***

Sérheiti: Krókur
Hnit: A: 746130,6 N: 542001,5
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Upp af Krókssandi, utan við Ytri-Sandá, var býli nefnt Krókur, reist um aldamót og lagt niður skömmu síðar. Túngarður, hlaðinn úr grjóti, sést enn” (ÖÓH, 4). Í Sveitum og jörðum segir: „Klettabakkar liggja a sjó innan við tún og vallendismóar upp af, kallaðir Skálanesbakkar. Þar var afbýlið Grund skammt inn af túni, byggt fram um aldamót, og innan við Ytri-Sandá annað afbýli, Krókur” (SJM, 499).

**Lýsing**
Grjóthlaðinn túngarður liggur umhverfis bæjarstæðið í Króki. Hann liggur upp frá tanga vestan við svokallaða Króksfjöru, um 180m austur af Ytri Sandá til suðurs upp brekku á um 170m kafla þar sem að hann beygir til austurs og liggur þar á 54m löngum kafla þar til hann beygir aftur til norðurs og liggur niður brekkuna á um 120m löngum kafla. Að norðan afmarkar bakki ofan fjörunnar norðurenda túnsins og er garðurinn ógreinilegur þar en þó sést um 20m langt garðbrot. Hleðslan er nokkuð farin að hrynja, hæst um 1m og um 70cm á þykkt.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

**Skálanes 154853 243 - 34**
Sérheiti: Krókur
Hnit: A: 746106,8 N: 541999,5
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Niðurgröftur
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir og lýsing**
Um 10m niður (norður) af grunni íbúðarhússins [**154853 243 -32**] er hringlaga hola eða gryfja einhverskonar. Hún er um 30-40cm djúp og um 2m í þvermál.

**Skálanes 154853 243 - 35**
Sérheiti: Krókur
Hnit: A: 746043,1 N: 542056,3
Hlutverk: Naust?
Tegund: Niðurgröftur, garðlag
Ástand: Sæmileg
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir og lýsing**
Neðst (nyrst) í túni á Króki fremst á bakka ofan Krókssands er líkt og skiplaga lægð í bakkann, e.t.v. leifar nausts. Dældin er um 7x4m að stærð og virðist sem að það séu lág garðlög á báðum brúnum hennar.

**Skálanes 154853 243 - 36**
Sérheiti: Krókur
Hnit: A: 746045,2 N: 542040,2
Hlutverk: Naust
Tegund: Niðurgröftur, garðlag
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Engin hætta

**Staðhættir og lýsing**
Neðst í Krókstúni um 20m ofan (norðan) fjörunnar er hálfhringlaga niðurgröftur í brekkuna og virðast lág garðlög liggja eftir brúnum hans. Dældin er 4x2m að stærð og opin til norðurs. Líklega er um leifar nausts eða sjóhúss að ræða.

**Skálanes 154853 243 -95**
Sérheiti: Krókur
Hnit: A: 746117,1 N: 541968,8
Hlutverk: Heytóft?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta vegna umferðar en heimreið að Skálanesbæ liggur um 5m ofan (sunnan) tóftarinnar

**Staðhættir**
Um 5 m norðan við heimreiðina að Skálanesi þar sem hún liggur í gegn um tún afbýlisins Króks er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur nv-sa og er um 7x3 m að utanmáli og hafa dyr verið á suðvestur langhlið hennar. Tóftin er gróin grasi og lyngi og virðist tvískipt en smærra hólf (um 1x1m) er í henni vestanverðri.

**Skálanes 154853 243 - 37**
Sérheiti: Grund
Hlutverk: Bústaður
Tegund: Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Nokkuð háir bakkar eru frá Krók og út að Skálanesbæ, nefndir Skálanesbakkar. Á bökkunum nokkru innar en Skálanesbær nefnist Grund. Þar var hús, sem hét Grund. Sigurður segist ekki vita, hvenær það var byggt, en það var rifið snemma á þessari öld. Túnblettur er umhverfis” (ÖÓH, 4). Í Sveitum og jörðum segir: „Klettabakkar liggja að sjó innan við tún og vallendismóar upp af, kallaðir Skálanes-bakkar. Þar var afbýlið *Grund* skammt inn af túni, byggt fram um aldamót, og innan við Ytri-Sandá annað afbýli, Krókur” (SJM, 499).

**Lýsing**
Grjóthlaðið garðlag [**154853 243 - 38]** liggur umhverfis ferhyrndan reit vestast í Skálanestúninu en engin merki um bæjarhús fundust.

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

**Skálanes 154853 243 - 38**
Sérheiti: Grund?
Hnit: A: 746655,0 N: 542916,8
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Grjóthlaðinn túngarður afmarkar ferkantað svæði austast í túni á Skálanesi. Hann liggur upp frá bakkanum ofan Skálanesfjöru og liggur þar til suðausturs á 64m löngum kafla þar sem hann beygir til suðvesturs og liggur þar á um 130m kafla meðfram heimreiðinni. Á þeim kafla er veggurinn rofinn á tveimur stöðum. Rétt austan girðingar syðst í túninu beygir hann svo til norðvesturs og liggur þar á 31m kafla. Garðurinn er um metri á breidd og um 70cm á hæð þar sem hann er hæstur.

**Skálanes 154853 243 - 39**
Sérheiti: Grund?
Hnit: A: 746578,4 N: 542953,5
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna ábúðar

**Staðhættir og lýsing**
Grjóthlaðinn túngarður afmarkar ferkantað svæði austast í túni á Skálanesi.

Neðst (nyrst) innan þessa afmarkaða svæðis er smá kofatóft frammi á bakkanum ofan Skálanesfjöru. Tóftin er 3,2x2,5, að innanmáli og hafa dyr verið til vesturs.

**Skálanes 154853 243 - 40**




Hnit: A: 747020,7 N: 542346,0
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna vatnsrofs

**Staðhættir**

Um 830m ofan (suðaustan) Skálanesbæjar, efst á graslendishjalla ofan bæjarins, uppi við fjallsræturnar eru fjórar tóftir. Tóftirnar liggja í lyngmóa þar sem sjá má greinilegar skemmdir vegna vatnsaga en tóftirnar liggja rétt norðan lækjar sem rennur meðfram fjallshlíðinni. Allar eru tóftirnar nokkuð fornlegar að sjá jarðsokknar og lyngi vaxnar.

**Lýsing**

Syðsta tóftin liggur á norðurbakka lækjarins. Hún snýr nokkurn veginn austur-vestur og hafa dyr verið vestast á suður langhlið. Tóftin er um 4x2m að innanmáli, vegghæð um 30cm og um 50cm að þykkt. Líkindi eru til garða eftir tóftinni endilangri en einnig kann að vera um að ræða hrun úr þaki.

**Skálanes 154853 243 - 41**

Hnit: A: 747016,9 N: 542358,5
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna vatnsrofs

**Staðhættir**

Um 830m ofan (sunnan) Skálanesbæjar, efst á graslendishjalla ofan bæjarins, uppi við fjallsræturnar eru fjórar tóftir. Tóftirnar liggja í lyngmóa þar sem sjá má greinilegar skemmdir vegna vatnsaga en tóftirnar liggja rétt norðan lækjar sem rennur meðfram fjallshlíðinni. Allar eru tóftirnar nokkuð fornlegar að sjá jarðsokknar og lyngi vaxnar.

**Lýsing**
Önnur tóft liggur um 8m norðan við tóft [**154853 243 -40**] hún liggur einnig austur-vestur og hafa dyr verið vestast á suður langhlið. Tóftin er um 2,5x5m að innanmáli, hæð vegghleðslu um 50cm og þykkt um 70cm.

**Skálanes 154853 243 - 42**
Hnit: A: 747011,2 N: 542359,6
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna vatnsrofs

**Staðhættir**
Um 830m ofan (sunnan) Skálanesbæjar, efst á graslendishjalla ofan bæjarins, uppi við fjallsræturnar eru fjórar tóftir. Tóftirnar liggja í lyngmóa þar sem sjá má greinilegar skemmdir vegna vatnsaga en tóftirnar liggja rétt norðan lækjar sem rennur meðfram fjallshlíðinni. Allar eru tóftirnar nokkuð fornlegar að sjá jarðsokknar og lyngi vaxnar.
**Lýsing**
Þriðja tóftin liggur um 5m norðan tóftar [**154853 243 -41**] og liggur, líkt og hinar tóftirnar, austur-vestur með dyr vestast á suður langhlið. Tóftin er um 5x2,5m að innanmáli, hæð vegghleðslu er um 50cm.

**Skálanes 154853 243 - 43**
Hnit: A: 746935,6 N: 542369,5
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Vatnsrof

**Staðhættir**
Um 830m ofan (sunnan) Skálanesbæjar, efst á graslendishjalla ofan bæjarins, uppi við fjallsræturnar eru fjórar tóftir. Tóftirnar liggja í lyngmóa þar sem sjá má greinilegar skemmdir vegna vatnsaga en tóftirnar liggja rétt norðan lækjar sem rennur meðfram fjallshlíðinni. Allar eru tóftirnar nokkuð fornlegar að sjá jarðsokknar og lyngi vaxnar.
**Lýsing**
Fjórða tóftin liggur um 72m norðvestur af tóftum [**154853 243 -41-43**] en útlit hennar bendir til að hún sé samtíma þeim og tilheyrir þeim líklega. Tóftin er nokkru minni um 2x1,5m að innanmáli og nokkuð djúp, allt að 70cm að dýpt. Dyr voru ekki greinanlegar á tóftinni.

**Skálanes  154853 243 - 44**
Sérheiti: Stekkjarhjalli
Hnit: A: 747265,6  N: 542514,2
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta




**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Uppi undir fjallinu innan eða vestan við Landsendaána, eru tættur. Heitir þar Sel. Þar er grösugt umhverfi. Ofan við Selið er allvíðáttumikill hjalli, sem nefnist Stekkjarhjalli eða Bæjarhjalli” (ÖÓH, 4).
Tóft liggur á svokölluðum Stekkjarhjalla, fremst á brekkubrún um 500m austan og ofan Skálnesbæjar.

**Lýsing**
Tóftin er hlaðin torfi og grjóti og um 3,5x2m að innanmáli. Veggir eru um 40cm á breidd og um 30cm á hæð. Hún er grasi vaxin og veggjalög fremur ógreinileg vegna gróðurs en þó kunna dyr eða hlið hafa verið á suður-langhlið tóftarinnar. Líkindi smáhólfs eða króar eru austan í tóftinni og kann því að vera um stekk þann að ræða sem hjallinn dregur nafn sitt af. Hinsvegar voru veggjalög of óljós til að hægt væri að ákvarða það með óyggjandi hætti.

**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálanes 154853 243 - 45**



***Mynd 7. Kofatóft ofan Skálanesbæjar.*** ***Ljósmynd. BZ.***

Hnit: A: 747148,0
N: 543305,6
Hlutverk: Smalakofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

**Staðhættir og lýsing**

Fremst á klettabrún ofan (austan) nátthagans á svokölluðum Landsenda, austast í Skálaneslandi um 470m austnorðaustur frá Skálanesbæ er lítil grjóthlaðin tóft, líklega smalakofi. Tóftin er um 1x1,5 m að stærð grjóthlaðin en grjót nokkuð tekið að hrynja úr hleðslunni.

**Skálanes 154853 243 - 46**
Hnit: A: 747984,8 N: 542848,7
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta




**Staðhættir**
Tóft liggur efst á dálítilli klettahæð í hvilft um 1,3km ofan og austsuðaustur frá Skálanesbæ, um 150m austan Landsendaár þar sem hún kemur niður klettabrekkurnar efst í fjallinu.
**Lýsing**
Tóftin er um 3x1,5m að innanmáli og snýr a-v, dyr hafa vitað í vestur. Tóftin er nokkuð fornleg, jarðsokkin og lyngi vaxin. Veggjahæð er milli 20-30cm og þykkt veggja um 40cm.
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

**Skálanes 154853 243 - 47**
Hnit: A: 747038,3 N: 542509,8
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heytóft
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

**Staðhættir**
Um 707m ofan (sunnan) bæjarhúss á Skálanesi á graslendum hjalla er smátóft, e.t.v. af smalakofa eða heytóft.
**Lýsing**
Tóftin er um 3x1,5m að innanmáli, veggir eru um 40cm á hæð og þykkt. Hún er gróin grasi og lyngi að hluta en þó er grjót greinanlegt í hleðslu. Engar dyr eru á tóftinni og er líklega um að ræða heytóft.

**Skálanes 154853 243 - 48**
Hnit: A: 746816,4 N: 542655,2
Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta




**Staðhættir**
Í móa um 120m vestan áðurnefnds fornbýlis [**154853 243 -21**] og 500m beint sunnan og ofan Skálanesbæjar eru fjórar tóftir. Allar liggja þær í stórþýfðum móa í mýrlendi og eru mjög lynggrónar og jarðsokknar. Þær eru þó allar nokkuð hærri en umhverfið og virðist hafa verið hlaðið undir þær. Kunna að vera heytóftir eða leifar mókofa.
**Lýsing**
Stærsta tóftin liggur austast tóftanna fjögurra og liggur hún austur-vestur. Hún er mjög jarðsokkin og veggjalög ógreinileg en að utanmáli er hún um 8m löng og 2-3m breið. Þykkt veggja er um 1m og hæð þeirra um 30cm. Dyr virðast hafa verið á norður langhlið. Fyrir miðri tóft er nokkur upphækkun eða hrúga sem virðist geta verði yngri en tóftarveggirnir.

**Skálanes 154853 243 - 49**
Hnit: A: 746793,4 N: 542608,6
Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof

**Staðhættir**
Í móa um 120m vestan áðurnefnds fornbýlis [**154853 243 -21**] og 500m beint sunnan og ofan Skálanesbæjar eru fjórar tóftir. Allar liggja þær í stórþýfðum móa í mýrlendi og eru mjög lynggrónar og jarðsokknar. Þær eru þó allar nokkuð hærri en umhverfið og virðist hafa verið hlaðið undir þær. Kunna að vera heytóftir eða leifar mókofa.
**Lýsing**
Um 45m suðvestan tóftar [**154853 243 -48**] er önnur jarðsokkin tóft um 3x1,5m að innanmáli. Smá lækur rennur um mýrina rétt austan tóftarinnar. Tóftin snýr suðaustur-norðvestur og hafa dyr legið til suðvesturs. Tóftin er mjög jarðsokkin og er þykkt veggja um 2m en hæð rétt um 30cm.

**Skálanes 154853 243 - 50**
Hnit: A: 746784,4 N: 542578,3
Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof

**Staðhættir**
Í móa um 120m vestan áðurnefnds fornbýlis [**154853 243 -21**] og 500m beint sunnan og ofan Skálanesbæjar eru fjórar tóftir. Allar liggja þær í stórþýfðum móa í mýrlendi og eru mjög lynggrónar og jarðsokknar. Þær eru þó allar nokkuð hærri en umhverfið og virðist hafa verið hlaðið undir þær. Kunna að vera heytóftir eða leifar mókofa.
**Lýsing**
Um 26m suðvestur af tóft [**154853 243 -49**] liggur jarðsokkin og lynggróin tóft. Veggjalög eru orðin nokkuð óljós en tóftin virðist um 4x2m að innanmáli. Hún snýr suðvestur-norðaustur og hafa dyr vitað til suðvesturs.

**Skálanes 154853 243 - 51**
Hnit: A: 746799,4 N: 542551,2
Hlutverk: Óþekkt, heytóft, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof

**Staðhættir**
Í móa um 120m vestan áðurnefnds fornbýlis [**154853 243 -21**] og 500m beint sunnan og ofan Skálanesbæjar eru fjórar tóftir. Allar liggja þær í stórþýfðum móa í mýrlendi og eru mjög lynggrónar og jarðsokknar. Þær eru þó allar nokkuð hærri en umhverfið og virðist hafa verið hlaðið undir þær. Kunna að vera heytóftir eða leifar mókofa.
**Lýsing**
Fjórða tóftin liggur í votlendi um 27m suðaustur frá tóft [**154853 243 -50**]. Tóftin liggur á upphækkun í mýrinni en er svo jarðsokkin og ógreinileg að einungis var greinanlegur hluti tóftarveggjar og svo óljósar ójöfnur á yfirborðinu.

**Skálanes 154853 243 - 52**
Hnit: A: 746559,1 N: 542868,2
Hlutverk: Kofi
Tegund: Tóft
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

**Staðhættir og lýsing**
Um 300m suðvestan Skálanesbæjar frammi á vesturbakka lækjar eða ár sem rennur vestan heimatúnsins eru leifar lítillar tóftar. Um er að ræða grjóthlaðna kofatóft um 2x1m að stærð og eru veggir hennar hrundir.

**Skálanes 154853 243 - 53**
Hnit: A: 746574,2 N: 542793,1
Hlutverk: Kofi, íshús
Tegund: Tóft
Ástand: Mikil hætta
Hættumat: Gróður
Heimildamaður: Ólafur Örn Pétursson staðarhaldari og einn eiganda Skálaness hafði þetta eftir fyrrum eiganda Vilmundi S. Þorgrímssyni




**Staðhættir**
Um 360m suðvestur af Skálanesbæ á vesturbakka ár eða lækjar sem rennur vestan heimatúnsins, um 70m norðan við þar sem heimreiðin liggur yfir ána eru leifar grjóthlaðinnar tóftar.
**Lýsing**
Tóftin er um 3m að lengd og um 1m að breidd að innanmáli og er mjög hrunin. Engar dyr voru greinanlegar á tóftinni.
Núverandi staðarhaldari á Skálanesi hefur eftir fyrri eiganda að þarna hafi verið geymdur ís sem safnað hafði verið úr tjörnum og síðan fluttur þangað.

**Skálanes 154853 243 - 54**
Hnit: A: 746417,5 N: 542261,6
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Náma
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

**Staðhættir**
Um 900m suðvestur af Skálanesbæ í móa austan heimreiðar um 150m austan við þar sem heimreiðin liggur yfir Ytri-Sandá er mógrafasvæði.
**Lýsing**
Svæðið er um 65m langt frá austri til vesturs og um 45m langt frá norðri til suðurs. Í námunda mógrafanna eru upphlaðnar kofatóftir, líklega til þurrkunar og geymslu á mó úr gröfunum.

**Skálanes 154853 243 - 55**




Hnit: A: 746291,3 N: 542261,1
Hlutverk: Stekkur?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta vegna gróðurs og heimreiðin að Skálanesi liggur fast austan tóftarinnar

**Staðhættir**

Um 960m suðvestur af Skálanesbæ, um 8m vestan heimreiðar á dálitlu grasi grónu svæði er gróin tvískipt tóft, e.t.v. stekkjar eða fjárhústóft. Tóftin er á grasi grónum bala og eru nokkrar smærri tóftir í námunda hennar.

**Lýsing**

Tóftin er grasi vaxin og veggjalög ógreinileg og ekki sáust dyr inn í tóftina. Hún liggur norður-suður og er stærra hólfið að sunnan um 3x1,5m að innanmáli en sú nyrðri um 2x1,5m að innanmáli. Veggir eru um 60cm á hæð og um metri að þykkt. Lúpína vex í og við tóftina.

**Skálanes 154853 243 - 56**
Hnit: A: 746332,5 N: 542227,8
Hlutverk: Óþekkt, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna umferðar en heimreiðin að Skálanesi liggur rétt vestan tóftarinnar

**Staðhættir**
Þrjár tóftir liggja um 960m suðvestur af Skálanesbæ á austurbrún heimreiðarinnar. Tóftirnar liggja í graslendi rétt vestan mógrafasvæðis og kann að vera að um sé að ræða tóftir til móþurrkunar eða geymslu.
**Lýsing**
Nyrst er tóft smákofa um 3,5x1,5 að innanmáli. Inngangur hefur verið til vesturs. Veggir eru um 50cm á þykkt og um 30cm á hæð. Tóftin liggur á blábrún heimreiðarinnar og er grasi vaxin auk þess sem lúpína vex við hana.

**Skálanes 154853 243 - 57**
Hnit: A: 746339,7 N: 542225,7
Hlutverk: Heytóft, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna umferðar en heimreiðin að Skálanesi liggur rétt vestan tóftarinnar

**Staðhættir**
Þrjár tóftir liggja um 960m suðvestur af Skálanesbæ á austurbrún heimreiðarinnar. Tóftirnar liggja í graslendi rétt vestan mógrafasvæðis og kann að vera að um sé að ræða tóftir til móþurrkunar eða geymslu.
**Lýsing**
Um 5m suðaustur af tóft [**154853 243 -56**] er smátóft um 2,5x1m að innanmáli. Engar dyr eru á tóftinni og veggir eru um 50cm að þykkt og um 20cm á hæð.

**Skálanes 154853 243 - 58**
Hnit: A: 746347,8 N: 542207,3
Hlutverk: Heytóft, mókofi?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna umferðar en heimreiðin að Skálanesi liggur rétt vestan tóftarinnar

**Staðhættir**
Þrjár tóftir liggja um 960m suðvestur af Skálanesbæ á austurbrún heimreiðarinnar. Tóftirnar liggja í graslendi rétt vestan mógrafasvæðis og kann að vera að um sé að ræða tóftir til móþurrkunar eða geymslu.

**Lýsing**
Syðst tóftanna þriggja liggur svo tvískipt tóft um 5,5x3,2m að utanmáli. Tóftin er grasi vaxin og engar dyr að sjá á henni. Veggjaþykkt er mest um 50cm og hæð um 30cm.

**Skálanes 154853 243 - 59**
Hnit: A: 746330,6 N: 542304,6
Hlutverk: Mókofi, heytóft?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta vegna umferðar en heimreiðin að Skálanesi liggur rétt vestan tóftarinnar

**Staðhættir**
Um 60 m norðvestan mógrafasvæðis [**154853 243 -54**] eru fimm tóftir þar af þrjár yngri upphækkaðar grasi vaxnar tóftir og síðan tvær eldri og jarðsokknari tóftir vaxnar lyngi. Hlutverk þessara tófta er óþekkt en ekki er ólíklegt að þær séu tengdar mótekju eða jafnvel heyskap.
**Lýsing**
Vestust tóftanna er grasi vaxin tóft á nokkurri upphækkun. Tóftin liggur nálega austur-vestur og er ekki hægt að greina dyr á henni. Hún er um 2,5x1m að innanmáli og veggir eru óverulegir, um 30cm þykkir og um 20cm háir.

**Skálanes 154853 243 - 60**
Hnit: A: 746357,2 N: 542315,3
Hlutverk: Mókofi, heytóft
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 60 m norðvestan mógrafasvæðis [**154853 243 -54**] eru fimm tóftir þar af þrjár yngri upphækkaðar grasi vaxnar tóftir og síðan tvær eldri og jarðsokknari tóftir vaxnar lyngi. Hlutverk þessara tófta er óþekkt en ekki er ólíklegt að þær séu tengdar mótekju eða jafnvel heyskap.
**Lýsing**
Um 23m austan tóftar [**154853 243 -59**] er önnur upphækkuð grasi vaxin tóft. Sú snýr norður-suður. Tóftin er um 5x2m að innanmáli, veggir óverulegir og engar dyr greinanlegar.

**Skálanes 154853 243 - 61**
Hnit: A: 746372,1 N: 542307,4
Hlutverk: Mókofi, heytóft
Tegund: Tóft
Ástand: Gott

Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 60 m norðvestan mógrafasvæðis [**154853 243 -54**] eru fimm tóftir þar af þrjár yngri upphækkaðar grasi vaxnar tóftir og síðan tvær eldri og jarðsokknari tóftir vaxnar lyngi. Hlutverk þessara tófta er óþekkt en ekki er ólíklegt að þær séu tengdar mótekju eða jafnvel heyskap.
**Lýsing**
Um 13m suðaustan tóftar [**154853 243 -60**] er nokkru eldri og jarðsokknari tóft. Hún liggur ekki á upphækkun eins og hinar tóftirnar á svæðinu. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er mögulega tvískipt, eystra hólfið um 2x1m að innanmáli og það vestara 1x1m. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni og veggir eru um 40cm þykkir og rétt um 15cm háir.

**Skálanes 154853 243 - 62**
Hnit: A: 746382,2 N: 542301,1
Hlutverk: Mókofi, heytóft
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 60 m norðvestan mógrafasvæðis [**154853 243 -54**] eru fimm tóftir þar af þrjár yngri upphækkaðar grasi vaxnar tóftir og síðan tvær eldri og jarðsokknari tóftir vaxnar lyngi. Hlutverk þessara tófta er óþekkt en ekki er ólíklegt að þær séu tengdar mótekju eða jafnvel heyskap.
**Lýsing**
Um 9m suðaustan tóftar [**154853 243 -61**] liggur önnur yngri tóft. Hún liggur á nokkurri upphækkun um 5x2,5m að innanmáli. Tóftin er opin til vesturs en veggir eru um 50cm á þykkt og um 20cm á hæð.

**Skálanes 154853 243 - 63**
Hnit: A: 746386,5 N: 542287,0
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 60 m norðvestan mógrafasvæðis [**154853 243 -54**] eru fimm tóftir þar af þrjár yngri upphækkaðar grasi vaxnar tóftir og síðan tvær eldri og jarðsokknari tóftir vaxnar lyngi. Hlutverk þessara tófta er óþekkt en ekki er ólíklegt að þær séu tengdar mótekju eða jafnvel heyskap.

**Lýsing**
Syðst tóftanna fimm er svo dálítil kofatóft á upphækkun. Hún er um 4,5x3m að utanmáli en veggjalög eru illgreinanleg.

**Skálanes 154853 243 - 64**
Hnit: A: 746457,0 N: 542179,1
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Náma
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

**Staðhættir og lýsing**
Um 70m sunnan mógrafasvæðis [**154853 243 -54**] liggur annað mógrafasvæði. Svæðið er um 40x50m stórt og rennur lækur til vesturs úr því. Tveir kofar, líklegast til mókofar liggja á sitt hvorum bakka lækjarins.

**Skálanes 154853 243 - 65**
Hnit: A: 746425,1 N: 542163,6
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta vegna vatnsrofs

**Staðhættir og lýsing**
Á austurbakka lækjarins sem rennur úr mógrafasvæði [**154853 243 -64**] er tóft. Tóftin liggur á nokkurri upphækkun og er um 8x5,5m að utanmáli. Veggjalög eru nokkuð ógreinileg þar sem að byggður hefur verið kofi ofan í tóftina, líklega til refaveiða.

**Skálanes 154853 243 - 66**
Hnit: A: 746406,2 N: 542144,6
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta vegna vatnsrofs

**Staðhættir og lýsing**
Á vesturbakka lækjarins sem rennur til vesturs úr mógrafasvæði [**154853 243 -64**] er mókofatóft. Tóftin er grasi vaxin og liggur hærra en umhverfið. Hún er 6,5x5,5m að utanmáli en veggjalög ógreinileg, rétt um 20cm há og um 50cm breið.

**Skálanes 154853 243 - 67**
Hnit: A: 746624,4
N: 541402,7
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóftaþyrping
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um 35m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.
**Lýsing**
Stærst tóftanna er tvískipt tóft sem liggur á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og er um 9x5,5m að utanmáli, veggir um 1,5m þykkir og um 70cm þar sem þeir eru hæstir. Eystra hólfið er um 3x2m að innanmáli en það vestara um 2x1,5m. Dyr hafa verið á báðum tóftunum á vestur langhlið.




**Skálanes 154853 243 - 68**
Hnit: A: 746630,5 N: 541400,1
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um 44m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.
**Lýsing**
Mjög jarðsokkið garðlag liggur til austurs frá hólnum sem tvískipt tóft [**154853 243 -67**] liggur á og myndar það hólf upp við hólinn, rétt eða mjaltakvíar, um 6x2m að innanmáli. Tóftin virðist opin til suðurs.

**Skálanes 154853 243 - 69**
Hnit: A: 746620,3 N: 541427,3
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.
**Lýsing**
Nyrsta tóftin á svæðinu liggur austur-vestur og hafa dyr verið austast á vestur langhlið. Tóftin er um 7x2m að innanmáli, veggir um 1m á breidd og allt að 40cm háir.

**Skálanes 154853 243 - 70**
Hnit: A: 746634,4 N: 541372,9
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.
**Lýsing**
Um 25m suður af tóftarhólnum [**154853 243 -67**] eru veggjalög mjög ógreinilegrar jarðsokkinnar tóftar, sem er að hluta til horfin í gróður. Hægt var að rekja vegginn á um 6m löngum kafla en frekara tóftarlag var ekki greinanlegt.

**Skálanes 154853 243 - 71**



***Mynd 8. Seltóftir og öskuhóll fremst.*** ***Ljósmynd. GZ.***

Hnit: A: 746616,8 N: 541404,8
Hlutverk: Ruslahaugur
Tegund: Hóll
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.

**Lýsing**
Um 2m austur af tóftahólnum [**154853 243 -67**] er hringlaga upphækkun eða hrúga um 5x5m að utanmáli og um 1m há. Líklega eru þetta leifar ruslahaugs sem tilheyrt hefur selinu.

**Skálanes 154853 243 - 72**
Hnit: A: 746626,3 N: 541416,6
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.
**Lýsing**
Um 7m norðan tóftahóls [**154853 243 -67**] liggur tóft einnig á nokkurri upphækkun. Tóftin sjálf er um 2,5x2m að innanmáli, liggur norðaustur-suðvestur og hefur verið inngangur í hana til suðvesturs. Hóllinn sem tóftin liggur á er um 7x6m að ummáli, alvaxinn lyngi.

**Skálanes 154853 243 - 73**
Hnit: A: 746622,7
N: 541421,3
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Gróður

**Staðhættir**
Um 1,7km sunnan bæjarstæðisins um m austan Ytri Sandár eru tóftir sels. Tóftirnar eru mjög greinanlegar í landslaginu, liggja á nokkurri upphækkun. Þær eru allar mjög fornlegar á að líta, jarðsokknar og alvaxnar lyngi.
**Lýsing**
Garðlag liggur til norðvesturs frá hólnum sem tóft [**154853 243 -72**] stendur á og myndar ferkantað hólf um 4x5m þar sem að hóllinn myndar suðausturhlið en garðlagið norðaustur og norðvestur hlið. Tóftin er opin til suðvesturs.

**Skálanes 154853 243 - 74**
Hnit: A: 746205,6
N: 542204,4
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Landbrot



*Mynd 9. Tóftir sjóhúsa, horft er til vesturs.* *Ljósmynd. GZ.*

**Staðhættir og lýsing**
Austast við Krókssand rennur lækur til sjávar og rennur hann í nokkru gili milli mela. Nyrst á vestanverðri brún lækjargilsins (ofan fjörunnar) eru leifar nokkuð fornlegrar jarðsokkinnar tóftar, líklega sjóhúss. Veggir eru orðnir nokkuð ógreinilegir en tóftin hefur legið austur-vestur. Hún er um 5m löng og um 2,5m að breidd en veggir eru mjög jarðsokknir og óverulegir, hæstir um 10-15cm háir.

**Skálanes 154853 243 - 75**
Hnit: A: 746205,1 N: 542223,7
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður

**Staðhættir og lýsing**
Austast við Krókssand rennur lækur til sjávar og rennur hann í nokkru gili milli mela. Austan lækjarins í melbrekkunni er grjóthlaðin tóft sjóhúss. Tóftin er um 4x2m að innanmáli. Hún liggur norðvestur-suðaustur og er hlaðin á þrjá vegu en er opin til vesturs og er grafin inn í melinn að austanverðu. Vegghleðslur eru eitthvað farnar að hrynja en eru um 50cm þykkar og um 1,5m að hæð. Mikil lúpína vex í og við tóftina.

**Skálanes 154853 243 - 76**
Hnit: A: 746186,8 N: 542307,1
Hlutverk: Sjóhús
Tegund: Tóft
Ástand: Gott

Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gróður

**Staðhættir og lýsing**
Um 260m utan við bæjarstæði Króks, utan Krókssands, er gil og fremst í austurbakka þess eru leifar grjóthlaðins sjóhúss. Tóftin er tvískipt, um 8x5m að utanmáli. Austara herbergið hefur verið um 2,3m að stærð og hafa dyr vitað í vestur. Vestara herbergið er sömuleiðis um 2x3m að innanmáli með dyr í vestur. Vegghleðsla stendur ágætlega er um 50cm á þykkt og allt að 1,5 m á hæð.

**Skálanes 154853 243 - 77**
Hnit: A: 746162,4 N: 541701,8
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóftaþyrping
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta




**Staðhættir**
Tóftir beitarhúsa liggja um 1,5m suðvestur af Skálanesbæ, 60m innan (vestan) Ytri Sandár, 200m ofan vegarins að Skálesbæ.
**Lýsing**
Tóftirnar liggja á grösugri flöt vestan árinnar, stærri fjárhús og hlöðutóft og smærri kofatóft vestan hennar. Stærri tóftin liggur norðnorðvestur-suðsuðaustur, 23x8m að utanmáli. Norðan til er fjárhústóft 10m löng og 3,5m breið og liggur garði eftir henni miðri. Áföst aftan við er hlaða og hefur verið innangengt á milli hlöðu og fjárhúss. Hlöðutóftin er um 5x2m að stærð. Aftan hennar er svo aflöng tóft um 4x1,5m að innanmáli og hafa dyr verið til norðurs. Sú tóft liggur eilítið hærra en fjárhús/ hlöðutóftin og kann að vera að hún sé seinni tíma. Rétt austan hennar liggur svo til suðurs frá hlöðuveggnum um 4m langt veggjabrot.

**Skálanes 154853 243 - 78**
Hnit: A: 746152,6 N: 541710,6
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Niðurgröftur
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

Um 3m vestan beitarhúsatóftarinnar [**154853 243 -77**] er einhverskonar ferkantaður niðurgröftur og liggur niðurgrafin renna eða skurður niður frá honum.

**Skálanes 154853 243 - 79**




Hnit: A: 746566,3 N: 542308,5
Hlutverk: Heytóft, mókofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta vegna mögulegs vatnsrofs

**Staðhættir**
Um 820m suðsuðvestur af Skálanesbæ í mýrlendi liggja þrjár tóftir. Allar eru þær fornlegar, jarðsokknar og lyngi vaxnar. Engar dyr voru greinanlegar á tóftunum og grafið hefur verið niður umhverfis veggi tveggja þeirra til að leiða vatn frá þeim. Það er því ekki ólíklegt að um sé að ræða heytóftir eða tóftir til að þurrka mó þar sem að þær liggja skammt frá mógrafasvæði.
**Lýsing**
Vestust þessara tófta er tóft sem liggur austur-vestur. Hún er 5x3m að utanmáli og eru engar dyr greinanlegar á henni. Veggir eru um 40cm þykkir og um 30cm þar sem þeir eru hæstir.

**Skálanes 154853 243 - 80**
Hnit: A: 746577,3 N: 542308,0
Hlutverk: Heytóft, mókofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta vegna mögulegs vatnsrofs

**Staðhættir**
Um 820m suðsuðvestur af Skálanesbæ í mýrlendi liggja þrjár tóftir. Allar eru þær fornlegar, jarðsokknar og lyngi vaxnar. Engar dyr voru greinanlegar á tóftunum og grafið hefur verið niður umhverfis veggi tveggja þeirra til að leiða vatn frá þeim. Það er því ekki ólíklegt að um sé að ræða heytóftir eða tóftir til að þurrka mó þar sem að þær liggja skammt frá mógrafasvæði.

**Lýsing**
Um 6m austur af tóft [**54853 243 -79**] er önnur tóft, 5x3m að utanmáli. Veggir eru um 30cm á hæð og um 50cm á breidd. Grafið hefur verið niður meðfram tóftinni og stendur hún því á nokkurskonar upphækkun.

**Skálanes 154853 243 - 81**
Hnit: A: 746610,5 N: 542319,0
Hlutverk: Heytóft, mókofi
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta vegna mögulegs vatnsrofs

**Staðhættir**
Um 820m suðsuðvestur af Skálanesbæ í mýrlendi liggja þrjár tóftir. Allar eru þær fornlegar, jarðsokknar og lyngi vaxnar. Engar dyr voru greinanlegar á tóftunum og grafið hefur verið niður umhverfis veggi tveggja þeirra til að leiða vatn frá þeim. Það er því ekki ólíklegt að um sé að ræða heytóftir eða tóftir til að þurrka mó þar sem að þær liggja skammt frá mógrafasvæði.
**Lýsing**
Vestust tóftanna þriggja, um 30m austan tóftar [**54853 243 – 80]** er tóft sem einnig hefur verið grafið í kringum og liggur því nokkuð hærri en landið umhverfis. Tóftin er 4,5x3m að utanmáli, veggir um 40cm þykki og um 20cm háir.

**Skálanes 154853 243 - 82**
Hnit: A: 746687,3 N: 542339,6
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof




**Staðhættir**
Þrjár grasi grónar tóftir liggja á bakka niðurgrafins lækjar í móanum um 820 m suður af Skálanesbæ. Óvíst er hvernig tóftir er um að ræða en þær líkjast fremur útihúsatóftum en heytóftum eða mókofum í nágrenni þeirra.
**Lýsing**
Nyrst þessara tófta, 10m vestan lækjarins, er grasi vaxin tóft 4,5x1,5 að innanmáli. Hún liggur suðvestur-norðaustur og hafa dyr verið nyrst á vestur langhlið tóftarinnar. Þykkt veggja er um 70cm og þeir eru allt að 50cm á hæð.

**Skálanes 154853 243 - 83**
Hnit: A: 746696,0 N: 542336,9
Hlutverk: Heytóft?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof

**Staðhættir**
Þrjár grasi grónar tóftir liggja á bakka niðurgrafins lækjar í móanum um 820 m suður af Skálanesbæ. Óvíst er hvernig tóftir er um að ræða en þær líkjast fremur útihúsatóftum en heytóftum eða mókofum í nágrenni þeirra.
**Lýsing**
Um 5m austur af tóft [**54853 243 -82**] er önnur tóft sem stendur á nokkurri upphækkun. Engar dyr sjást á tóftinni en hún er 5x2,5m að innanmáli. Veggir eru hæstir um 50cm á hæð og 50cm á breidd. Tóftin liggur á vesturbakka lækjar og er lækurinn farinn að éta úr vestur skammhlið hennar.

**Skálanes 154853 243 - 84**
Hnit: A: 746713,4 N: 542305,9
Hlutverk: Heytóft?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Vatnsrof

**Staðhættir**
Þrjár grasi grónar tóftir liggja á bakka niðurgrafins lækjar í móanum um 820 m suður af Skálanesbæ. Óvíst er hvernig tóftir er um að ræða en þær líkjast fremur útihúsatóftum en heytóftum eða mókofum í nágrenni þeirra.
**Lýsing**
Þriðja tóftin liggur um 32m ofan (suðaustan) hinna tóftanna tveggja og er hún minni en þær. Tóftin er 7x4,5m að utanmáli, grasi vaxin og er ekki hægt að greina á henni dyr.

**Skálanes 154853 243 - 85**
Hnit: A: 746637,1 N: 542606,2
Hlutverk: Heytóft?
Tegund: Tóft
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir og lýsing**
Smá kofatóft er 550m suðsuðaustur af Skálanesbæ í mýrlendi um 120m suður af vegi að Skálanesi. Kofinn er um 5x3,5m að utanmáli, veggjalög ógreinileg en vera kann að tóftin hafi verið tvískipt. Engar dyr eru greinanlegar á tóftinni og líkist hún nokkuð öðrum tóftum í mýrinni sem skráðar hafa verið sem heytóftir og mókofar.

**Skálanes 154853 243 - 86**
Sérheiti: Landsendi
Hlutverk: Nátthagi
Tegund: Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Landsendi var notaður sem nátthagi, og var girðing frá Bólakletti upp í klettabeltið ofan við” (ÖÓH, 2).
**Lýsing**
Vírgirðing hefur legið frá kletti niður að klettum ofan fjöruborðs. Engin merki hleðslu fundust og er nátthaginn líklega frá 20. öld.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands

**Skálanes  154853 243 - 91**
Hnit: A: 746637,1
N: 542606,2
Hlutverk: Fyrirhleðsla
Tegund: Garðlag
Ástand: Gott
Hættumat: Engin hætta

**Staðhættir og lýsing**



***Mynd 10. Hlaðinn garður.*** ***Ljósmynd. GZ.***

Fremst á klettabrún ofan (austan) nátthagans á svokölluðum Landsenda, austast í Skálaneslandi um 470m austnorðaustur frá Skálanesbæ er lítil grjóthlaðin tóft [**154853 243 -45**], líklega smalakofi. Um 15m austur af tóftinni er smá gil í klettinn og er hlaðið fyrir það neðanvert með grjóti. Tilheyrir líklega smalakofanum.

## Óhnitsettar minjar

Hér er um að ræða flokk minja sem getið er í heimildum en eru horfnar eða fundust ekki við skráningu og hafa því ekki verið hnitsett**.**

**Skálanes 154853 243 - 87**
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild

**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 má sjá útihús.
**Lýsing**
Útihúsin fundust ekki við skráningu.
**Heimildaskrá**
Túnakort af Skálanesi (1918). Gert af Sigmari B. Guttormssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Skálanes 154853 243 - 88**
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Heimild
Ástand: horfinn

**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 má sjá matjurtagarða.
**Lýsing**
Engin merki er nú að finna um matjurtagarðinn
**Heimildaskrá**
Túnakort af Skálanesi (1918). Gert af Sigmari B. Guttormssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Skálanes  154853 243 - 89**
Sérheiti: Skálanes
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Heimild

**Staðhættir og lýsing**
Í Sveitum og jörðum segir: „1927-´28: Girðing 1025 m, grjótgarður 150 m" (SJM, 499). Hugsanlegt er að þarna sé um að ræða hluta af gömlum túngarði en eini grjótgarðurinn sem enn er vel greinanlegur er grjótgarður utan um túnhluta vestan Skálanesbæjar sem kann að hafa verið túnskiki afbýlisins Grundar [**154853 243 –38**]. Einnig kann að vera að um sé að ræða óljósan grjótgarð sem skráður er undir númerinu **154853 243 – 18.**
**Heimildaskrá**
Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

**Skálanes  154853 243 - 90**
Sérheiti: Dysjarhjalli
Hlutverk: Gröf, örnefni
Tegund: Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Milli Sandánna heita Paldrar, stöllótt land, gróið. Þar var mikil rjúpnaveiði. Ofan við eru nokkrir hjallar, fyrst Jónshjalli og síðan Breiðihjalli. Þessir hjallar ná milli ánna. Efsti hjallinn, uppi undir Dalaskarði, heitir Dysjarhjalli. Engar sagnir eru um dys þar" (ÖÓH, 5).
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálanes 154853 243 - 92**
Sérheiti: Þórisvogur
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Nokkru innar er Landsendi [innan við Stiga, berggangur sem nær frá sjó og upp á bjargbrún]. Þar tekur við dálítið sléttlendi, grösugt. Utan í Landsendanum er vogur, sem nefnist Þórisvogur. Þar er góð lending. Notuðu sjómenn hana sem þrautalendingu og hvíldu sig þar, þegar þungur róður var til lands" (ÖÓH, 2).
**Lýsing**
Engar minjar fundust við vettvangsathugun.
**Heimildaskrá**
Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálanes  154853 243 - 93**
Sérheiti: Skálanesfjara
Hlutverk: Lending
Tegund: Heimild

**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Ströndin beygir til suðurs eða suðvestur með Landsendanum. Innar er með ströndinni er Skálanesfjara. Hún endar við klettarana, sem gengur fram í sjó fram og niður af bæ og nefnist Hlein. Utan við hana var lendingin í Skálanesi, allgóð" (ÖÓH, 3).

**Nánari lýsing**

Í örnefnaskrá segir: „Sker er 10-12 m austur af Hleininni, nefnt Kerling. Vatnaði yfir hana á stórstraumsflóðum. Í skerinu var festing, sem notuð var til að vogbinda báta, þ.e. þeir voru bundnir í hana og aðra festingu í Hleininni” (ÖÓH, 3).

**Heimildaskrá**

Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands.

**Skálanes 154853 243 - 94**

Sérheiti: Skálanes

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

**Staðhættir**

Í Sveitum og jörðum segir: „Ummerki fjárbælis við Bólaklett á nesinu” (SJM, 499).

**Lýsing**

Fannst ekki við skráningu.

**Heimildaskrá**

Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi.

## Samantekt

Alls voru 16 fornleifar skráðar upp úr rituðum heimildum en við vettvangskönnun fjölgaði þeim í 95. Þessi aukning sýnir glögglega hversu varlega ber að treysta ritheimildum þegar kemur að mati á fjölda fornleifa á jörð. Að vísu eru nokkrar minjanna yngri en 100 ára og falla því ekki undir 100 ára reglu þjóðminjalaga (nr. 107, 2001). Þessar minjar eru aðallega útihús í túni, mókofar og aðrir kofar utan túns, sjóhús og minjar frá síðari heimsstyrjöldinni. Allar bera minjarnar þó fornu verklagi vitni og eru órjúfanlegur hluti minjaheildarinnar á Skálanesi auk þess sem að tóftir hafa oft verið byggðar upp á sama stað og erfitt getur reynst að greina nákvæmlega notkunartíma minjanna.

**1. tafla. Fjöldi minja á Skálanesi**

| Jörð | Fornleifar skráðar á vettvangi | Horfnar fornleifar | Ekki skráðar | Alls |
|---|---|---|---|---|
| Skálanes | 86 | 2 | 7 | 95 |

Af þeim 95 minjum sem finna má í fornleifaskránni voru 87 skráðar og mældar upp. Einungis tvær fornleifar sem skráðar höfðu verið upp úr heimildum voru horfnar við vettvangsathugun. Þetta gefur ekki raunsanna mynd af því hversu margar fornleifar eru í raun horfnar þar sem að einungis örfárra þeirra er getið í ritheimildum og staðkunnugan heimildamann vantaði. Þær minjar sem ekki voru skráðar eru minjar sem annað hvort voru óaðgengilegar eða sem ekki vannst tími til að skoða.

### Minjar á Skálanesi

Á Skálanesi hefur hvorttveggja verið stundaður hefðbundinn búskapur og sjósókn og má segja að allflestar minjanna séu hefðbundnar fyrir austfirskar sveitir og sjávarbyggðir um og eftir miðja 19. öld. Þó voru skráðar leifar forns bæjarstæðis sem vera kann að tilheyri elstu byggð í Skálanesi og fornleifarannsóknir sumarið 2006 leiddu auk þess í ljós að þar liggja í jörðu mannvistarminjar a.m.k. frá 12. öld.

*Bæjarstæðið og umhverfi þess*

Engar leifar bæjarhóls er að finna þar sem núverandi bær stendur. Hins vegar var gerð fornleifakönnun sumarið 2006 þar sem grafinn var tilraunaskurður í meinta tóft. Uppgröfturinn benti ekki til að um byggingu væri að ræða en þó fundust þar merki mannvistar allt aftur til 12. aldar sem lengir sögu staðarins umtalsvert. Ekki fundust frekari heimildir um hvar eldri bæjarhús stóðu en óvíst er hvort það sé á núverandi bæjarstæði. Erfitt var að greina minjar í túni umhverfis bæinn sökum mikils gróðurs en auk þess hefur töluverð jarðvinnsla farið fram á svæðinu tengd æðarvarpi og hefur vatni verið veitt í tilbúnar tjarnir. Aðrar minjar í túni eru leifar útihúsa sem voru í notkun allt fram á áttunda áratug 20. aldar. Einnig afmarkar grjóthlaðinn túngarður túnskika innst í túninu og hefur hann líklega umlukið tún smábýlisins Grundar en þar hefur líklega verið skammvinn búseta.

Í Sveitum og jörðum er getið verskála sem að jörðin á að hafa dregið nafn sitt af. Óvíst er hvaða minjar átt er við en nokkur sjóhús og ummerki þeim tengd voru skráð við og ofan fjöruborðs norðan og austan við bæjarstæðið. Aldur þessara sjóminja er óviss en líklega hafa þarna verið sjóhús, naust og önnur mannvirki tengd sjósókn allt frá upphafi byggðar á staðnum. Segja má að minjar í og við bæjarstæðið séu dæmigerðar fyrir íslenskar sveitir og sjávarbyggðir um aldamótin 1900.

*Fornbýli vestan Landsendaár*

Ummerki fornbýlis eru vestan Landsendaár um hálfum kílómetra ofan við og beint suður af Skálanesbæ. Forn jarðsokkinn túngarður umlykur þar nokkuð stórt túnstykki í grónum stórþýfðum lyngmóa. Austast innan garðs er aflangur hóll sem skráður var sem bæjarhóll. Efst á hólnum eru leifar yngri beitarhúsa eða stekkjar og eru eldri veggjalög horfin undir þau en greinilegt er þó að þau eru byggð ofan á eldri mannvistaleifum. Sex greinanlegar tóftir eru við og innan túngarðsins en þó kunna fleiri tóftir að leynast þar, en svæðið er allt mjög þýft og lynggróið. Tóftirnar eru allar eldri en beitarhúsin en þó kunna þrjár þeirra að vera eitthvað yngri þar sem að gróður á þeim virðist annar en á túngarðinum og tóftum við hann. Innan túngarðsins norðanvert er hringlaga mannvirki sem greinilega er frá sama tíma og túngarðurinn en notkun þess er óviss. Líklega er um að ræða rétt eða e.t.v. fjárborg en einnig má geta þess að elstu kirkjugarðar voru hringlaga og ekki er hægt að útiloka að um slíkt mannvirki sé að ræða. Engar heimildir eru þó um kirkjugarð eða bænhús í Skálanesi.

Vera kann að tóftirnar þrjár sem virðast yngri en túngarðurinn en eldri en bæjarhústóftirnar séu tóftir sels en í örnefnaskrá er að finna örnefnið Sel sem virðist eiga við svæðið sem tóftirnar liggja á en þar er hinsvegar engum tóftum lýst. Ekki er óvanalegt að notkun staða breytist með tímanum og oft eru fornbýli, sel og beitarhús hluti af sömu minjaheildinni. Því kann að vera að þarna hafi upphaflega verið bæjarstæði, e.t.v elsta byggð á jörðinni en eftir að bærinn lagðist af verði þarna selstaða sem síðan er breytt í beitarhús.

*Sel efst á Stekkjarhjalla/Bæjarhjalla*

Gata liggur frá áðurnefndu fornbýli upp á svokallaðan Stekkjarhjalla eða Bæjarhjalla. Á hjallanum er að finna tóft sem líklega er stekkjartóft og kann hjallinn að taka nafn sitt af henni. Einnig er þar að finna heytóftir. Efst á hjallanum eru hinsvegar mjög fornlegar rústir við lítinn læk. Tóftirnar eru mjög grónar og samvaxnar umhverfi sínu en útlit og staðsetning tóftanna bendir til að þarna hafi verið haft í seli. Vera kann að þessar tóftir tilheyri því tímabili sem búið var á áðurnefndu fornbýli.

*Sel*

Í dalnum sem Ytri-Sandá rennur eftir, um 2km suðvestur af Skálanesbæ er að finna mjög grónar og fornlegar seltóftir á grasi vaxinni flöt austan árinnar. Þessar tóftir eru mjög greinilegar í landslaginu þar sem að þær liggja allar á nokkurri upphækkun sem bendir til endurbygginga á þeim. Tóftirnar eru veglegar, mun veglegri en áðurnefndar seltóftir á Stekkjarhjalla og er greinilegt að þær hafa verið í notkun í nokkurn tíma. Sem dæmi má nefna að líkindi ruslahaugs fundust við stærstu tóftina. Útlit tóftanna og gróðurfar bendir til að þarna sé um nokkuð forn mannvirki að ræða. Enginn túngarður var greinanlegur

umhverfis tóftirnar og því er líklegra að um seltóftir sé að ræða fremur en tóftir fornbýlis en ekki er loku fyrir það skotið að þarna hafi verið hafst við til skemmri tíma.

*Leifar býlisins Króks og sjóhúsatóftir*

Rétt austan Ytri-Sandár liggur heimreiðin að Skálanesi, um dálítinn túnskika sem afmarkaður er af grjóthlöðnum túngarði. Innan garðsins er að finna leifar húsgrunns afbýlisins Króks og eru fáeinar tóftir innan túngarðsins sem tilheyra því. Minjarnar eru gott dæmi um smábýli sem risu víða um aldamótin 1900 þar sem að sjónytjar, fremur en hefðbundinn búskapur, voru undirstaða búsetunnar. Minjarnar liggja ofan (sunnan) svokallaðrar Króksfjöru og eru einnig nokkrar vel varðveittar tóftir sjóhúsa við þessa sömu fjöru. Vera kann að sjóhús þessi hafi einnig tilheyrt Skálanesi og óvíst er hvort að um er að ræða minjar sem samtíða eru Króki.

*Minjar tengdar mótöku/heyskap*

Tvö stærri mótökusvæði er að finna í mýrlendinu ofan (suðvestan) Skálanesbæjar. Umhverfis þessi svæði er nokkur fjöldi smærri tófta sem líklega má flokka sem leifar mókofa til geymslu mós eða upphlaðnar hækkanir þar sem mór hefur verið þurrkaður. Einnig kann að vera að einhverjar þessara tófta séu tengdar heyskap og að þar hafi hey verið þurrkað og geymt en slíkar tóftir eru oft áþekkar mótóftunum, upphlaðnar hækkanir í landslaginu umkringdar smá vegglagi en án dyra eða þaks.

*Aðrar minjar*

Forn tóft fannst á hólkolli um 1,5km ofan (suðaustan) Skálanesbæjar. Vera kann að um sé að ræða smalakofa, kofa tengdan grasnytjum, veiði eða einhverju slíku. Þrjár grasi grónar tóftir er að finna í móanum suður af Skálanesbæ og kann þar að vera um að ræða einhverskonar útihús ellegar byggingar tengdar hey- eða móvinnslu. Tóftirnar eru ekki mjög gamlar að sjá. Austan heimreiðarinnar, austan áðurnefndra mótökusvæða eru nokkrar kofatóftir og möguleg stekkjartóft. Vera kann að tóftirnar tengist einnig mó- eða heyvinnslu. Mjög fornleg tóft liggur frammi á brún ofan Króksfjöru rétt vestan lækjar sem rennur austast í fjörunni. Líklega er um að ræða tóftir sjóhúss.

**Minjar og ferðaþjónusta**

Á Skálanesi er að finna fjölbreytt menningarlandslag allt frá elstu tíð fram á 9. tug síðastliðinnar aldar. Menningarlandslag er hugtak sem hefur hlotið aukið vægi innan þjóðminjavörslunnar hin seinni ár. Er þá átt við samspil manngerðra minja innbyrðis sem og tengsl þeirra við náttúru og sögu. Slík heild kann að hafa áhrif á varðveislugildi minjanna auk þess sem hún segir fyllri sögu um búsetu og kjör manna til forna. Notkun fornleifa í menningartengdri ferðaþjónustu fer einnig sívaxandi og liggja miklir möguleikar í kynningu og merkingu hverskonar minja. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Kynning á fornleifum er þó ekki síður mikilvæg heimamönnum og eykur áhuga og skilning á nánasta umhverfi og sögu jarðar og búskaparhætti, sem lesa má út úr menningarlandslagi.

Fornleifar eru vitaskuld einnig metnar út frá eigin verðleikum, hve sjaldgæfar þær eru og hvert fræðslugildi þeirra er. En það kann enn fremur að skipta máli hvaða þýðingu þær hafa fyrir rannsóknir og að hvaða leyti þær þykja geta fært mönnum nýja vitneskju um mannlíf til forna.

Á Skálanesi er rekið náttúru og menningarsetur og eru fræðsla og rannsóknir um umhverfi staðarins snar þáttur í þeirri starfsemi sem þar er rekin. Segja má að við fornleifaskráningu staðarins hafi komið á óvart hversu margar og fjölbreyttar minjar var þar að finna nær ósnertar. Líkt og víðar hafa minjar í og við núverandi bæjarstæði orðið fyrir mestum skakkaföllum vegna seinni tíma framkvæmda, en þó er þar að finna nokkrar vel varðveittar tóftir auk merkja um síðustu búsetu á staðnum. Utan bæjarstæðisins eru minjarnar þó almennt vel varðveittar og má þar finna nokkuð heildstætt menningarlandslag. Menningarlandslagið er órjúfanlegur hluti af þeirri umhverfis-upplifun sem staðurinn býður upp á og yrði frekari merking eða kynning þess til að auðga staðarímyndina auk þess að fræða gesti um þá sögu og lífsbaráttu sem þessar minjar bera vitni um.

Segja má að fjöldi og fjölbreytileiki minja á Skálanesi sé töluverður sé mið tekið af heimildafæð og stærð og lýsingu jarðarinnar í þeim fáu heimildum sem til eru um hana. Árið 1840 lýsir sr. Einar Hjörleifsson jörðinni m.a. svo: “Ysti bær sunnan megin er Skálanes, 6 hndr. að dýrl.; þar er tún léttvægt og heyskapur lítill, en höfn allgóð; nokkru innar er Austdalur [...]”.[12]Í Sveitum og jörðum eru leiddar líkur að því að jörðin dragi nafn sitt af verskálum sem hafi verið þar fyrstir húsa „"áður en S[kálanes] varð sjálfstæð bújörð, sem að líkindum hefur byggst frá Austdal” [13] Ekki skal hér fullyrt um hvort jörðin hefur byggst frá Austdal en það hefur þá verið mjög snemma þegar litið er á vitnisburð fornleifarannsóknarinnar og þeirra minja sem fundust við skráningu.

Eflaust hefur sjósókn verið ein af undirstöðum búskapar á Skálanesi en minjar um fornbýlið ofan bæjarins benda til að þar hafi verið stundaður búskapur allt frá fornu fari og fornleifarannsókn sem gerð var sumarið 2006 gaf vísbendingar um jarðrækt á jörðinni a.m.k. aftur til 12. aldar. Ekki skal hér fullyrt um hvort að fyrrnefnt fornbýli sé elsta bæjarstæðið eða hvort bæjarstæðið hefur verið flutt þangað á seinni tímum ellegar hvort tvíbýlt hefur verið á jörðinni. Sé hið síðastnefnda rétt er það vísbending um umfangsmeiri búskap en ætla má af ritheimildum. Tilvist seltófta, ekki síst hinna veglegu seltófta við Ytri-Sandá, bendir einnig til fornrar byggðar og hefðbundins landbúskapar frá fornu fari.

**Dæmi um minjar sem eru áhugaverðar til kynningar**

- Bæjarstæði Skálanesbæjar – þar eru minjar um sjósókn, fuglanytjar og landbúnað frá því um aldamótin 1900 og allt fram til búsetuloka. T.d. mætti gera minjarnar sýnilegar á korti og e.t.v merkja þær með frekari útskýringum á notkun þeirra.

[12] SS, 249
[13] SJM III, bls, 498.

- ❖ Fornbýli/beitarhús innan Landsendaár, stekkur á Bæjar/Stekkjarhjalla, sel á Bæjar/Stekkjarhjalla, mógrafir og tóftir þeim tengdar suðaustan bæjar – mögulegt væri að tengja þessar minjar saman með einni gönguleið sem merkt væri inn á kort og e.t.v. með merkingum á hverjum staðanna.

- ❖ Sel utan Ytri-Sandár, býlið Krókur og sjóminjar, beitarhús utan Ytri-Sandár – hægt væri að tengja þessar minjar saman í gönguleið auk þess sem að tengja mætti þær við áðurnefnda leið þannig að úr yrði stærri hringur.

Með því að tengja minjarnar saman, e.t.v. með mislöngum gönguleiðum, væri hægt að hnýta þær inn í kynningu á staðnum þar sem saga hans og menjar um búskaparhætti, landnytjar og lífsbaráttu íbúanna væru gerðir hluti að skynjun ferðamannsins á umhverfi og náttúru staðarins.

Með gerð minjakorts eða færslu minjastaða inn á heildarkort á svæðinu yrðu minjarnar hluti af ásýnd og ímynd staðarins og þess sem hann hefur upp á að bjóða. Einnig er möguleiki á að merkja staðina á vettvangi með teikningum og öðrum upplýsingum til glöggvunar þar sem oft er nokkur kúnst að lesa manngert umhverfi, sérstaklega mjög fornar minjar.

**Frekari rannsóknir**

Það má því fullyrða að jörð á Skálanesi geymi mikla, óskrifaða, sögu sem varpa kann ljósi á bæði byggð á Skálanesi sem og byggðasögu Seyðisfjarðar. Sökum þess að fornleifaskráningin sem gerð var 2007 fór fram að sumri þegar gróður var í hámarki auk þess sem æðarvarp og annað fuglavarp var í fullum gangi þá þyrfti að skrá frekar strandlengjuna með tilliti til sjóminja, auk þess sem að ganga þyrfti Skálanesheiði en hún var ekki skráð í þetta skipti.

Áhugavert væri að gera fornleifakönnun í tóftir og túngarð fornbýlisins til að ákvarða um aldur þess og mögulega um hvernig minjar er að ræða. Sama má segja um leifar selja á Bæjarhjalla og við Ytri-Sandá. Einnig væri áhugavert að gera könnunarskurði í og við bæjarstæðið þar sem vísbendingar eru um mjög forna mannvist, ekki síst væri áhugavert að greina betur aldur og gerð mögulegra veggjalaga við heimreiðina austan Skálanes-bæjar. Smærri fornleifakönnun á þessum stöðum gæti varpað ljósi á búsetuþróun í Skálanesi og elstu byggð þar. Slíkt er í raun forsenda frekari áforma um fornleifa-rannsóknir eða aðrar rannsóknir tengdar menningarlandslagi Skálaness.

**Minjar í hættu og áhættuþættir**

Við skráningu fornleifa er lagt mat á það hversu líklegt er að minjarnar verið fyrir einhverskonar raski og hvaða þættir gætu valdið skemmdum á minjunum. Það sem jörð er enn í ábúð teljast allar minjar í og við bæjarstæði vera í hættu vegna ábúðar þar sem á því svæði er mest hætta á að einhverskonar framkvæmdir verði og er þá átt við bæði jarðrask og jarðabætur hverskyns auk byggingaframkvæmda. Á bæjarstæði Skálaness hafa minjar horfið við seinnitímaframkvæmdir og sem dæmi má nefna að engin merki eru um bæjarhól eða gömul bæjarhús á staðnum. Bæjarhólar eru þeir staðir sem hafa mesta og fyllsta sögu að geyma og þar eru oft merki um mörg hundruð ára samfellda uppbyggingu.

Þó svo að slíkir hólar hafi verið sléttaðir út eða byggt á þeim kunna enn miklar mannvistarleifar að leynast neðanjarðar og því skyldi fara með gát við allar framkvæmdir í og við bæjarstæðið. Þrátt fyrir það hafa varðveist leifar útihúsa og sjóhúsa í nágrenni bæjarins og eru þær minjar flestar í ágætu ástandi.

Utan heimatúns eru minjar oft í minni hættu og eru því gjarnan betur varðveittar. Sem dæmi má nefna staði eins og beitarhús, stekkir, fornbýli og sel. Slíkt er einnig raunin á Skálanesi en minjar utan túna eru almennt í mjög góðu ástandi. Slíkum minjum er hættast við skemmdum vegna skipulagðrar skógræktar, jarðræktar (t.d. landgræðslu) og vegagerð. Á Skálanesi er töluvert um lúpínu sem plantað hefur verið í jarðræktarskyni og kunna einhverjar minjar að vera horfnar í lúpínuskóginn. Lúpína vex í og við sjóhústóftir austan Króksfjöru [**154853 243 – 75** og **76**], íshústóftar [**154853 243 -53**] vestan túns og umhverfis stekkjartóft [**154853 243 - 55]** við heimreiðina. Auk þess fer fram skipulögð skógrækt í landgræðsluskyni á jörðinni og er mikilvægt að tekið sé tillit til minjanna við þær framkvæmdir. Aldrei skyldi planta í og við tóftir og mikilvægt er að minjaheildir s.s. selstaðan við Ytri-Sandá fái að njóta sín og að þeim sé veitt nægjanlegt rými innan ræktunarsvæða.

Nokkrar minjar eru í og við heimreiðina að Skálanesbæ en þær eru einungis í hættu ef að farið verður í einhverjar endurbætur á heimreiðinni.

Minjum stafar einnig hætta af náttúrulegum orsökum s.s. vatnsrofi, skriðuföllum, náttúrugróðri og uppblæstri. Á Skálanesi eru nokkrar minjar sem kunna að vera hættu af náttúrulegum orsökum. Má þar nefna þrjár tóftir í móa sunnan og ofan Skálanesbæjar [**154853 243 -83-85**] sem eru á bakka lækjar sem þegar er farinn að höggva úr hlið stærstu tóftarinnar. Seltóftir á Bæjarhjalla [**154853 243 -40-43**] eru við lítinn læk sem grafið hefur djúpa bakka í grundina.

## Niðurlag

Heimildir um jörðina Skálanes eru þögular allt fram á 18. öld en þá er jarðarinnar fyrst getið í manntali. Þrátt fyrir það voru skráðar 95 fornleifar á jörðinni sem telst í meira lagi og undirstrikar mikilvægi fornleifafræði í rannsóknum á búsetu og búsetuþróun. Fornleifakönnun sem fram fór sumarið 2007 benti til mannvistar frá 12. öld og bætti hún því við nokkur hundruð árum við þekkta sögu staðarins auk þess sem minjar sem fundust við fornleifaskráninguna 2007 benda einnig til fornrar búsetu á jörðinni. Frekari fornleifarannsóknir myndu varpa ljósi á búsetuþróun á Skálanesi auk þess að svara mikilvægum spurningum um elstu byggð og byggðaþróun í Seyðisfirði.

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat minja og minjagildis og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja og minjaheilda. Á þann hátt er einnig hægt að fylgjast með mikilvægum minjastöðum eftir því sem að náttúrulegum skógi vex ásmegin í skjóli skipulagðrar skógræktar eða friðunar.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning þeirra er þekkt út frá heimildum, heimildamönnum eða öðrum ummerkjum í landslagi. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einnig leynst undir yfirborðinu þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber þegar í stað að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

Finnur N. Karlsson ofl.(sáu um útgáfu) (2000). *Múlasýslur, Sýslu og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík. **(SS)**

*Í slenzkt fornbréfasafn VIII* 1170-1505. Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1903-1907. **(DI VII)**

J. Johnsen (1847). Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn. **(JJ)**

Lárus Ág. Gíslason (1982). *Handbók um hlunnindajarðir á Íslandi*. Prentsmiðjan Leiftur hf. Reykjavík. **(LÁG)**

Manntal á Íslandi 1703. Tekið að tilhlutan Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Hagstofa Íslands. 1924-1947. **(MT)**

*Sveitir og jarðir í Múlaþingi*, II bindi (1975). Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar, Seltjarnanesi. **(SJM)**

### Óprentaðar heimildir

Túnakort af Skálanesi (1918). Gert af Sigmari B. Guttormssyni. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Skálaness (1981). Unnið úr örnefnaskrá Seyðisfjarðar eftir Sigurð Vilhjálmsson með viðbótum Óla S. Hallgrímssonar. Örnefnastofnun Íslands. **(ÖOSH)**

Munnleg heimild: Steinunn Kristjánsdóttir 11.09.07


Yfirlitsmynd yfir minjar á Skálanesi
Landsendi
Luciusker
Skálanesfjara
Miðfjara
Styrbjarnartangi
Grund?
Stekkjarhjalli/Bæjarhjalli
Miðsandur
Krókur
7-8
5
11
10
6
9
2
3
4
91
45
1
13-14
15
16
17
18
19
20
39
38
52
53
30
21-26, 28-29, 31
27
46
48
85
49
50
51
47
44
43
40-42
82-83
81
79
80
84
60-63
59
76
55
75
54
74
65
64
56-58
66
35
36
32-34
95
78
77
67-73
Minjar
Útlínur tófta
N
0
100
200
300
m
Loftmyndir ehf

# Listi yfir hnit á Skálanesi, Seyðisfirði

| Númer fornleifa | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Austun | Norðun | Mynd |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skálanes 154853 243 - 1 | Skálanes | Bæjarstæði | Heimild | 746707,1 | 543134,8 | 6, 16-17, 28-30, 109,122 |
| Skálanes 154853 243 - 2 | | Sjóhús | Tóft | 746650,4 | 543291,6 | 112,116 |
| Skálanes 154853 243 - 3 | | Kofi | Tóft | 746691,8 | 543286,8 | 115 |
| Skálanes 154853 243 - 4 | | Sjóhús | Tóft | 746710,7 | 543287,7 | 116 |
| Skálanes 154853 243 - 5 | | Óþekkt | Garðlag | 746705,1 | 543297,6 | 118 |
| Skálanes 154853 243 - 6 | | Rétt | Grjóthleðsla | 746733,9 | 543334,7 | 119,121 |
| Skálanes 154853 243 - 7 | | Skotbyrgi | Grjóthleðsla | 746747,8 | 543368,2 | 130,131 |
| Skálanes 154853 243 - 8 | | Skotbyrgi | Grjóthleðsla | 746749,4 | 543362,9 | 133 |
| Skálanes 154853 243 - 9 | | Sjóhús? | Tóft | 746776,1 | 543295,2 | 128 |
| Skálanes 154853 243 - 10 | | Kofi | Hleðsla | 746821,1 | 543337,1 | 135,136 |
| Skálanes 154853 243 - 11 | | Kofi | Tóft | 746778,3 | 543356,6 | 125 |
| Skálanes 154853 243 - 12 | | Óþekkt | Hleðsla | 746741,5 | 543365,2 | 124 |
| Skálanes 154853 243 - 13 | | Óþekkt | Tóft | 746799,1 | 543141,6 | 137 |
| Skálanes 154853 243 - 14 | | Óþekkt | Tóft | 746795,6 | 543137,3 | 137 |
| Skálanes 154853 243 - 15 | | Óþekkt | Tóftaþyrping | 746756,5 | 543117,8 | 138 |
| Skálanes 154853 243 - 16 | | Fjárhús, hlaða | Tóft | 746728,7 | 543086,4 | 139-140 |
| Skálanes 154853 243 - 17 | | Súrheysgryfja | Grjóthleðsla | 746709,2 | 543065,6 | 141 |
| Skálanes 154853 243 - 18 | | Óþekkt | Garðlag | 746700,5 | 543057,3 | 142 |
| Skálanes 154853 243 - 19 | | Óþekkt | Heimild | 746697,6 | 543037,3 | 153,154,155 |
| Skálanes 154853 243 - 20 | | Óþekkt | Tóft | 746651,6 | 543081,5 | 155 |
| Skálanes 154853 243 - 21 | | Bústaður | Bæjarhóll | 747029,1 | 542751,6 | 31-40,71-74 |
| Skálanes 154853 243 - 22 | | Beitarhús/stekkur? | Tóft | 747046,8 | 542749,7 | 17,27,29,30,34,37,38,39 |
| Skálanes 154853 243 - 23 | | Kofi, hrútakofi? | Tóft | 747056,6 | 542753,1 | 35 |
| Skálanes 154853 243 - 24 | Sel? | Óþekkt/sel? | Tóft | 747050,9 | 542736,5 | 36 |
| Skálanes 154853 243 - 25 | Sel? | Óþekkt/sel? | Tóft, garðlag | 747049,8 | 542713,5 | 38 |
| Skálanes 154853 243 - 26 | Sel? | Óþekkt/sel? | Tóft | 747035,2 | 542711,1 | 71 |
| Skálanes 154853 243 - 27 | | Túngarður | Garðlag | 746964,1 | 542702,0 | 73,74 |
| Skálanes 154853 243 - 28 | | Útihús | Tóft | 747066,7 | 542701,6 | 39 |
| Skálanes 154853 243 - 29 | | Kofi | Tóft | 747013,6 | 542697,3 | 73 |
| Skálanes 154853 243 - 30 | | Rétt, fjárborg, kirkjugarður? | Garðlag | 746954,8 | 542818,4 | 31,32,33 |
| Skálanes 154853 243 - 31 | | Leið | Gata | 747053,8 | 542681,2 | 40 |
| Skálanes 154853 243 - 32 | Krókur | Bústaður | Húsgrunnur | 746109,6 | 541984,9 | 88,9 |

| Númer fornleifa | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Austun | Norðun | Mynd |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skálanes 154853 243 - 33 | Krókur | Túngarður | Garðlag | 746130,6 | 542001,5 | 88-91 |
| Skálanes 154853 243 - 34 | Krókur | Óþekkt | Niðurgröftur | 746106,8 | 541999,5 | 91 |
| Skálanes 154853 243 - 35 | Krókur | Naust? | Niðurgröftur, garðlag | 746043,1 | 542056,3 | Engin |
| Skálanes 154853 243 - 36 | Krókur | Naust? | Niðurgröftur, garðlag | 746045,2 | 542040,2 | 91,93 |
| Skálanes 154853 243 - 37 | Grund? | Bústaður | Heimild | Óþekkt | | Engin |
| Skálanes 154853 243 - 38 | Grund? | Túngarður | Garðlag | 746655,0 | 542916,8 | 150,151 |
| Skálanes 154853 243 - 39 | Grund? | Kofi | Tóft | 746578,4 | 542953,5 | 146 |
| Skálanes 154853 243 - 40 | | Sel | Tóft | 747020,7 | 542346,0 | 18-22 |
| Skálanes 154853 243 - 41 | | Sel | Tóft | 747016,9 | 542358,5 | 18-22 |
| Skálanes 154853 243 - 42 | | Sel | Tóft | 747011,2 | 542359,6 | 18-22 |
| Skálanes 154853 243 - 43 | | Sel | Tóft | 746935,6 | 542369,5 | 23,24 |
| Skálanes 154853 243 - 44 | Stekkjarhjalli | Stekkur | Tóft | 747265,6 | 542514,2 | 69,70,15 |
| Skálanes 154853 243 - 45 | | Smalakofi | Tóft | 747148,0 | 543305,6 | 3,4 |
| Skálanes 154853 243 - 46 | | Óþekkt | Tóft | 747984,8 | 542848,7 | 63-65 |
| Skálanes 154853 243 - 47 | | Óþekkt | Heytóft | 747038,3 | 542509,8 | 26 |
| Skálanes 154853 243 - 48 | | Óþekkt, heytóft, mókofi? | Tóft | 746816,4 | 542655,2 | 75,76 |
| Skálanes 154853 243 - 49 | | Óþekkt, heytóft, mókofi? | Tóft | 746793,4 | 542608,6 | 77,78 |
| Skálanes 154853 243 - 50 | | Óþekkt, heytóft, mókofi? | Tóft | 746784,4 | 542578,3 | 79 |
| Skálanes 154853 243 - 51 | | Óþekkt, heytóft, mókofi? | Tóft | 746799,4 | 542551,2 | 80 |
| Skálanes 154853 243 - 52 | | Kofi | Tóft | 746559,1 | 542868,2 | 41 |
| Skálanes 154853 243 - 53 | | Kofi, íshús | Tóft | 746574,2 | 542793,1 | 42 |
| Skálanes 154853 243 - 54 | | Mógrafir | Náma | 746417,5 | 542261,6 | 55,56,58 |
| Skálanes 154853 243 - 55 | | Stekkur? | Tóft | 746291,3 | 542261,1 | 49,5 |
| Skálanes 154853 243 - 56 | | Óþekkt, mókofi? | Tóft | 746332,5 | 542227,8 | 160,161 |
| Skálanes 154853 243 - 57 | | Heytóft, mókofi? | Tóft | 746339,7 | 542225,7 | 159 |
| Skálanes 154853 243 - 58 | | Heytóft, mókofi? | Tóft | 746347,8 | 542207,3 | 158 |
| Skálanes 154853 243 - 59 | | Heytóft, mókofi? | Tóft | 746330,6 | 542304,6 | 50 |
| Skálanes 154853 243 - 60 | | Heytóft, mókofi? | Tóft | 746357,2 | 542315,3 | 51 |
| Skálanes 154853 243 - 61 | | Heytóft, mókofi? | Tóft | 746372,1 | 542307,4 | 52 |
| Skálanes 154853 243 - 62 | | Heytóft, mókofi? | Tóft | 746382,2 | 542301,1 | 53 |
| Skálanes 154853 243 - 63 | | Mókofi | Tóft | 746386,5 | 542287,0 | 54 |
| Skálanes 154853 243 - 64 | | Mógrafir | Náma | 746457,0 | 542179,1 | 56 |
| Skálanes 154853 243 - 65 | | Mókofi | Tóft | 746425,1 | 542163,6 | 55 |
| Skálanes 154853 243 - 66 | | Mókofi | Tóft | 746406,2 | 542144,6 | 56 |
| Skálanes 154853 243 - 67 | | Sel | Tóftaþyrping | 746624,4 | 541402,7 | 86 |

| Númer fornleifa | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Austun | Norðun | Mynd |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skálanes 154853 243 - 68 | | Sel | Tóft | 746630,5 | 541400,1 | Engin |
| Skálanes 154853 243 - 69 | | Sel | Tóft | 746620,3 | 541427,3 | 84 |
| Skálanes 154853 243 - 70 | | Sel | Tóft | 746634,4 | 541372,9 | Engin |
| Skálanes 154853 243 - 71 | | Ruslahaugur | Hóll | 746616,8 | 541404,8 | 86 |
| Skálanes 154853 243 - 72 | | Sel | Tóft | 746626,3 | 541416,6 | 87 |
| Skálanes 154853 243 - 73 | | Sel | Tóft | 746622,7 | 541421,3 | 87 |
| Skálanes 154853 243 - 74 | | Sjóhús | Tóft | 746205,6 | 542204,4 | 97,98 |
| Skálanes 154853 243 - 75 | | Sjóhús | Tóft | 746205,1 | 542223,7 | 98,96 |
| Skálanes 154853 243 - 76 | | Sjóhús | Tóft | 746186,8 | 542307,1 | 94,95 |
| Skálanes 154853 243 - 77 | | Beitarhús | Tóftaþyrping | 746162,4 | 541701,8 | 163,164,165 |
| Skálanes 154853 243 - 78 | | Óþekkt | Niðurgröftur | 746152,6 | 541710,6 | 166 |
| Skálanes 154853 243 - 79 | | Heytóft, mókofi | Tóft | 746566,3 | 542308,5 | 99 |
| Skálanes 154853 243 - 80 | | Heytóft, mókofi | Tóft | 746577,3 | 542308,0 | 100 |
| Skálanes 154853 243 - 81 | | Heytóft, mókofi | Tóft | 746610,5 | 542319,0 | 101 |
| Skálanes 154853 243 - 82 | | Óþekkt | Tóft | 746687,3 | 542339,6 | 102,105 |
| Skálanes 154853 243 - 83 | | Heytóft? | Tóft | 746696,0 | 542336,9 | 103,106,105,107 |
| Skálanes 154853 243 - 84 | | Heytóft? | Tóft | 746713,4 | 542305,9 | 104,105 |
| Skálanes 154853 243 - 85 | | Heytóft? | Tóft | 746637,1 | 542606,2 | 108 |
| Skálanes 154853 243 - 86 | Landsendi | Nátthagi | Heimild | Fannst ekki | | |
| Skálanes 154853 243 - 87 | | Útihús | Heimild | Fannst ekki | | |
| Skálanes 154853 243 - 88 | | Matjurtagarður | Heimild | Fannst ekki | | |
| Skálanes 154853 243 - 89 | | Túngarður | Heimild | Óvíst | | |
| Skálanes 154853 243 - 90 | Dysjarhjalli | Gröf, örnefni | Heimild | Fannst ekki | | |
| Skálanes 154853 243 - 91 | | Fyrirhleðsla | Garðlag | 746637,1 | 542606,2 | |
| Skálanes 154853 243 - 92 | Þórisvogur | Lending | Heimild | Fannst ekki | | |
| Skálanes 154853 243 - 93 | Skálanesfjara | Lending | Heimild | Ekki skráð | | |
| Skálanes 154853 243 - 94 | | Rétt | Heimild | Fannst ekki | | |
| Skálanes 154853 243 - 95 | Krókur | Heytóft | Tóft | 746117,1 | 541968,8 | Engin |

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-01.jpg


Skálanes07-02.jpg


Skálanes07-03.jpg


Skálanes07-04.jpg


Skálanes07-05.jpg


Skálanes07-06.jpg


Skálanes07-07.jpg


Skálanes07-08.jpg


Skálanes07-12.jpg


Skálanes07-13.jpg


Skálanes07-14.jpg


Skálanes07-15.jpg


Skálanes07-16.jpg


Skálanes07-17.jpg


Skálanes07-18.jpg


Skálanes07-19.jpg


Skálanes07-20.jpg


Skálanes07-21.jpg


Skálanes07-22.jpg


Skálanes07-23.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-135.jpg


Skálanes07-136.jpg


Skálanes07-137.jpg


Skálanes07-138.jpg


Skálanes07-139.jpg


Skálanes07-140.jpg


Skálanes07-141.jpg


Skálanes07-142.jpg


Skálanes07-143.jpg


Skálanes07-144.jpg


Skálanes07-145.jpg


Skálanes07-146.jpg


Skálanes07-149.jpg


Skálanes07-150.jpg


Skálanes07-151.jpg


Skálanes07-153.jpg


Skálanes07-154.jpg


Skálanes07-155.jpg


Skálanes07-158.jpg


Skálanes07-159.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-107.jpg


Skálanes07-108.jpg


Skálanes07-109.jpg


Skálanes07-112.jpg


Skálanes07-115.jpg


Skálanes07-116.jpg


Skálanes07-117.jpg


Skálanes07-118.jpg


Skálanes07-119.jpg


Skálanes07-120.jpg


Skálanes07-121.jpg


Skálanes07-122.jpg


Skálanes07-123.jpg


Skálanes07-124.jpg


Skálanes07-125.jpg


Skálanes07-127.jpg


Skálanes07-128.jpg


Skálanes07-130.jpg


Skálanes07-132.jpg


Skálanes07-133.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-87.jpg


Skálanes07-88.jpg


Skálanes07-89.jpg


Skálanes07-90.jpg


Skálanes07-91.jpg


Skálanes07-92.jpg


Skálanes07-93.jpg


Skálanes07-94.jpg


Skálanes07-95.jpg


Skálanes07-96.jpg


Skálanes07-97.jpg


Skálanes07-98.jpg


Skálanes07-99.jpg


Skálanes07-100.jpg


Skálanes07-101.jpg


Skálanes07-102.jpg


Skálanes07-103.jpg


Skálanes07-104.jpg


Skálanes07-105.jpg


Skálanes07-106.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-65.jpg


Skálanes07-66.jpg


Skálanes07-67.jpg


Skálanes07-69.jpg


Skálanes07-70.jpg


Skálanes07-71.jpg


Skálanes07-72.jpg


Skálanes07-73.jpg


Skálanes07-74.jpg


Skálanes07-75.jpg


Skálanes07-76.jpg


Skálanes07-77.jpg


Skálanes07-78.jpg


Skálanes07-79.jpg


Skálanes07-80.jpg


Skálanes07-82.jpg


Skálanes07-83.jpg


Skálanes07-84.jpg


Skálanes07-85.jpg


Skálanes07-86.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-44.jpg


Skálanes07-45.jpg


Skálanes07-46.jpg


Skálanes07-47.jpg


Skálanes07-48.jpg


Skálanes07-49.jpg


Skálanes07-50.jpg


Skálanes07-51.jpg


Skálanes07-52.jpg


Skálanes07-53.jpg


Skálanes07-54.jpg


Skálanes07-55.jpg


Skálanes07-56.jpg


Skálanes07-57.jpg


Skálanes07-58.jpg


Skálanes07-59.jpg


Skálanes07-60.jpg


Skálanes07-61.jpg


Skálanes07-63.jpg


Skálanes07-64.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-24.jpg


Skálanes07-25.jpg


Skálanes07-26.jpg


Skálanes07-27.jpg


Skálanes07-28.jpg


Skálanes07-29.jpg


Skálanes07-30.jpg


Skálanes07-31.jpg


Skálanes07-32.jpg


Skálanes07-33.jpg


Skálanes07-34.jpg


Skálanes07-35.jpg


Skálanes07-36.jpg


Skálanes07-37.jpg


Skálanes07-38.jpg


Skálanes07-39.jpg


Skálanes07-40.jpg


Skálanes07-41.jpg


Skálanes07-42.jpg


Skálanes07-43.jpg

# Fornleifaskráning Skálaness 2007


Skálanes07-160.jpg


Skálanes07-161.jpg


Skálanes07-162.jpg


Skálanes07-163.jpg


Skálanes07-164.jpg


Skálanes07-165.jpg


Skálanes07-166.jpg


Skálanes07-167.jpg


Skálanes07-168.jpg


Skálanes07-169.jpg


Skálanes07-170.jpg

## Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga:

1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrfingsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
3 **Hólar í Hjaltadal** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
4 **Steinsstaðir í Tungusveit** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
5 **Grafarós og Hofsós** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
6 **Víðimelur í Skagafirði** - Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
7 **Reykjarhóll í Skagafirði.** Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal.** Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
11 **Glaumbær.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði.** Arna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
13 **Höfði á Höfðaströnd.** Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarbústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
14 **Hátún og Mikligarður.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
15 **Syðra-Skörðugil.** Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað.** Guðný Zoëga júlí 2003.
17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi.** Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalín september 2003.
19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Varmahlíð. Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi.** Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði.** Guðný Zoëga október 2003.
21 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
22 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Kimbastaðir, Messuholt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
23 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Sjávarborg. Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
24 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
25 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
26 Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. **Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
27 **Fornleifaksráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.
28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, RagnheiðurTraustadóttir janúar 2004.
29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ.** Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004
32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarnes-landi.** Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
34 **Hallormsstaður og nágrenni.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi.** Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
36 **Neðri-Ás í Hjaltadal.** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
37 **Vopnafjörður.** Heimildaskráning vegna væntanlegra vega-framkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði.** Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ.** Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ.** Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.
41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
42 **Sauðá í Borgarsveit.** Fornleifaskráning vegna aðal-skipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17.** Fornleifa-skráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.
44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar.** Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.
45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi.** Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi.** Guðný Zoëga, október 2005.
47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.
48. **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar.** Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.
49. **Fornleifaskrá Reynistaðar.** Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
50. **Fornleifaskrá Þingeyra.** Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson, Sigríður Sigurðardóttir og Guðný Zoëga, mars 2006.
51. **Fornleifaskráning á Langholti II.** Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson Guðný Zoëga, apríl 2006.
52. **Greining mannabeina af Vestdalsheiði.** Guðný Zoëga, ágúst 2006.
53. **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót.** Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir, september 2006.
54. **Fornleifakönnun á Grenjaðarstað í Aðaldal**. Guðný Zoëga, september 2006.
55. **Fornleifakönnun við Staðará, Skagafirði. Áfanga-skýrsla.** Guðný Zoëga, september 2006.
56. **Who were the people of Keldudalur?** A status report on aDNA studies on skeletons from Keldudalur. Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, september 2006.
57. **Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Áfangaskýrsla**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.
58. **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum í Skógum í Fnjóskadal**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2006.
59. **Fornleifakönnun á Hvanneyri, Siglufirði.** Guðný Zoëga, desember 2006.
60. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi, Hvammstanga.** Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, janúar 2007.
61. **Fornmeinafræðileg rannsókn á fimm beinagrindum úr klausturkirkjugarðinum á Skriðu.** Guðný Zoëga, febrúar 2007.
62. **Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og Skarð.** Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. apríl 2007.
63. **Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar I. Byggðasöguleg fornleifarannsókn.** Guðný Zoëga, maí, 2007.
64. **Fornleifaskráning Skálaness í Seyðifirði.** Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, september 2007.